



ÍSLENDINGAR Í FANGELSUM ERLENDIS

TÍMAVÉLIN Þjóð í hlekkjum hugarfarsins:

■ Baldur Hermannsson sakaður um árás á bændur

22. FEBRÚAR 2019 / 8. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



FRÆGIR MEÐ HÚÐFLÚR

Guðni Th. Jóhannesson



HERMÓÐSSLYSIÐ VAR AFA ÞUNGBAERT

■ Hermóður og Júlí fórust í ofsaveðri árið 1959 ■ 52 börn urðu föðurlaus ■ Íslenska þjóðin harmi slegin ■ Kristbjörg missti bróður sinn ■ Óþekktar aðstæður á Íslandsmiðum

YFIRHEYRSLAN

■ Ég hefði viljað eignast hóp af börnum en beið of lengi

Kolbrún Baldursdóttir
32510552

Sonur Kristjáns Jóhanns afplánar lífstíðardóm í Bretlandi

Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

29 sársaukaár að taka enda?

■ Liverpool gæti orðið enskur meistari í fyrsta sinn í 29 ár ■ Þetta var í gangi árið 1990

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Ivor gætu 29 ár af sársauka tekið enda í Bítlaborginni því Liverpool gæti þá unnið efstu deild á Englandi í knattspyrnu. Þetta stórveldi hefur gengið í gegnum erfiða tíma en Jurgen Klopp er að finna ljósið við enda ganganna, eins og segir í söngnum frága, You'll Never Walk Alone

sem stuðningsmenn Liverpool kyrja á öllum leikjum. Engan óraði fyrir því árið 1990 að Liverpool færi í gegnum svona tímabil en liðið getur stigið stórt skref í átt að meistaratitlinum með sigri á sigursælasta félagi Englands í dag, Manchester United, á sunnudag. United hefur unnið deildina þrettán sinnum frá því að Liverpool landaði þeim stóra síðast.

Pristur

Sælgætið Pristur hefur oftast en einu sinni og oftast en tvisvar hrósað sigri í fjölmiðlum þegar Íslendingar eru beðnir um að velja sitt eftirlætis nammi. Saga Pristsins nær aftur til ársins 1990 þegar hann var fyrst framleiddur en það má segja að fæðingu hans hafi borið að með óvenjulegum hætti. „Við fengum bón um að gera afmælisöku með karamellukremi og lakkrís. Hún var ofboðslega góð,“ segir Jón Sigurður Kjartansson, sem stofnaði sælgætisgerðina Kólus, sem



Sambó pristur

framleiddir Prist, ásamt bróður sínum, Kjartani Páli, árið 1962.



Ungfrú heimur: Okkar stúlka ekki á blað

Gina Marie Tollezon, 21 árs gömul Suðurríkisstúlka frá Bandaríkjunum, vann titilinn sem ungfrú heimur í úrslitakeppni sem fram fór í London í gærkvöldi. Önnur í röðinni varð ungfrú Írland og þriðja varð ungfrú Venesúela. Okkar stúlka, Ásta Sigríður Einarsson, komst ekki á blað með þeirra bestu og endaði meðallega hópi 80 keppenda. Ungfrú heimur er með brútt há og 180 sentimetrar á hæð. Hún hefur fengist við ballett, djass og steppdans en segist hafa mestan áhuga á að verða sjónvarpsfréttakona,“ stóð í DV seint árið 1990.

Ásta Sigríður var fegursta kona Ísland

Ásta Sigríður Einarsson, sem þá var 18 ára nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík, var kjörin Ungfrú Ísland árið 1990. Ásta Sigríður er dóttir Einar Sveinssonar, þá framkvæmdastjóra Sjóvá-Álmannra, og Birnu Hrólfsdóttur kennara. Ásta fór í Ungfrú heim og skrifaði DV um málið. „Gina Marie Tollezon, 21 árs gömul Suðurríkisstúlka frá Bandaríkjunum, vann titilinn Ungfrú heimur í úrslitakeppni sem fram fór í London í

gærkvöldi. Önnur í röðinni varð ungfrú Írland og þriðja varð ungfrú Venesúela. Okkar stúlka, Ásta Sigríður Einarsson, komst ekki á blað með þeirra bestu og endaði meðallega í hópi 80 keppenda. Ungfrú heimur er með brútt há og 180 sentimetrar á hæð. Hún hefur fengist við ballett, djass og steppdans en segist hafa mestan áhuga á að verða sjónvarpsfréttakona,“ stóð í DV seint árið 1990.

Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra

Steingrímur var forsætisráðherra Íslands árið 1990. Hann gegndi ýmsum öðrum ráðherraembættum á sinni farsælu starfsævi. Hann sat á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn árin 1971–1994, auk þess að vera skipaður seðlabankastjóri, sem hann var 1994–1998.

Steingrímur var sonur Hermannssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins og forsætisráðherra.



Eitt lag enn

Stjórnin skellti sér í Eurovision fyrir hönd Íslands og Sigríður Beinteinsdóttir og Grétar Örvrasson gerðu allt vitlaust úti í hinum stóra heimi. Keppnin fór fram í Zagreb en Stjórnin flutti þar lagið Eitt lag enn, sem lifir góðu lífi enn í dag. Evrópa elskað lagið einnig og endaði Stjórnin í fjórða sæti. Það var á þeim tíma besti árangur í sögu Íslands, í þessari vinsælu keppni.



Staupasteinninn

Þessir vinsælu þættir frá Bandaríkjunum voru þeir vinsælustu í öllum heiminum árið 1990. Cheers, eins og þeir hétu á móðurmálinu, voru framleiddir frá 1982 til ársins 1993, samtals urðu þættirnir 275 klukkustundir að lengd. Þátturinn gerðist á vinsælum stað í miðborg Boston, í Massachusetts-fylki. Í Staupasteini var mikið glens og mikið gaman, og allir vissu hvað þú hést.

Einstaklega góðar og ljúffengar **vöfflur**



Vilko

FREE NELSON MANDELA

THE SPECIAL REMIX

THE SPECIAL AKA



Nelson Mandela sleppt úr haldi

Nelson Mandela var afar mikill baráttumaður fyrir réttindum blökkumanna og barðist hart gegn aðskilnaðarstefnunni. Hann var leiðtogi innan ANC sem barðist fyrir auknum réttindum svartra og hann og félagar hans beittu verkföllum og fleiri aðgerðum til að fá sitt í gegn. Mótmæli fóru fram í Suður-Afríku árið 1960 og létust þónokkrir félagar hans. Stjórnvöld í Suður-Afríku bönnuðu þá

ANC og voru leiðtogar samtakanna handteknir. Mandela var dæmdur í lífstíðarfangelsi. Eftir mikla baráttu var Mandela sleppt úr haldi árið 1990, en hann hafði þá setið í fangelsi í 27 ár. Árið 1993 fékk Mandela síðan friðarverðlaun Nóbels. Ári seinna fóru fram fyrstu lýðræðislegu forsetakosningarnar í Suður-Afríku. Mandela bauð sig fram og vann sannfærandi sigur.

r

HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJANKING
KOILRÝMUM FYRIR NÝJUM
GERÐUM FRÁ KING KOIL35%
AFSLÁTTURSTAKAR DÝNUR
Á ÓTRÚLEGU VERÐI
STÆRÐIR 153X203cm (QUEEN)VERÐ FRÁ
107.200 KR.ÓTRÚLEGT VERÐ Á
STÖKUM
DÝNUM!35%
AFSLÁTTUR193X203cm (KING)
EDA 183X213cm (CAL-KING)VERÐ FRÁ
133.000 KR.EIGUM EFTIR ÖRFÁ ERGOMOTION
STILLANLEG RÚM Á TILBOÐSVERÐIFYRSTU
KEMUR
FYRSTUR
ÆÆR!2X90X200cm
MEÐ MILLISTÍFRI
GORMADÝNUVERÐ FRÁ
264.065 KRNý sending af **Fatboy**
vörum var að detta í hús**sekkur.is**

fatboy®

*Miðað við 12 mánaða vaxtalausán raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

rekkjan
HEILSURÚM

Hver er hann?



■ Þrýddi 100 krónu seðillinn

■ Var fyrirmynd persónu úr Íslands-klukkunni

■ Bjó lengi í Kaupmannahöfn

■ Missti hús í miklum eldsvoða

■ Bjargaði þjóðargersemum frá glötun

SVAR: ARNI MAGNÚSSON

Það er staðreynd að...



Samkvæmt Ríkisskattstjóra er kjúklingur 235 krónu virði



Í miðaldafótbolta voru 27 í hvoru liði og 5 af þeim markverðir



Réttthentir lífa að meðaltali 9 árum lengur en örvhentir



Það tók 41 ár að byggja Hallgrímskirkju



Rithöfundurinn Gunnar Gunnarsson kom sex sinnum til greina sem Nóbelsverðlaunahafi

YFIRHEYRSLAN

Kolbrún Baldursdóttir tekin í yfirheyrslu

Kristjón Kormákur Guðjónsson kristjon@dv.is



Kolbrún Baldursdóttir er oddviti Flokks fólksins í Reykjavík. Áður hafði hún starfað sem sálfræðingur í 25 ár og vildi hún með framboði sínu færa baráttuna gegn óréttlæti, mismunum og fátækt inn í sal borgarstjórnar. Hún er yngst af fjórum alsystkinum og á tvö hálf systkini. Kolbrún er alin upp í Vesturbæ Reykjavíkur. DV tók Kolbrúnu í yfirheyrslu og þar kom margt forvitnilegt í ljós.

Hjúskaparstaða og börn?

Ég er gift og á tvær uppkomnar dætur, önnur er hagfræðingur og hin lögfræðingur. Ég á tvo tengdasyni, annar er viðskiptafræðingur og hinn er sálfræðingur. Barnabörnin eru þrjú.

Uppáhaldssjónvarpsefni?

Léttir sakamálaþættir t.d. Barnaby og Blue Bloods. Einnig vandaðir þættir, t.d. eru margir breskir og danskir framhaldsþættir sem eru skemmtilegir. Ég þoli ekki að horfa á eitthvað ógæðslegt t.d. nið gagnvart börnum eða dýrum. Það veldur mér hugarangri og sorg og ég get þá ekki sofið.

Fyrsta minningin?

EKKI VISS, getur verið að ég rugli saman frásögnum af mér sem ég hef heyrt og minningum. Mógulega þegar verið var að reyna að svæfa mig, en ég var með eitthvert vesen. Einnig þegar ég átti tveggja eða þriggja ára afmæli og bjó í Sólheimum og pabbi gaf öllum sleikjó. En þetta rennur allt saman.

Hvað er skemmtilegt?

Vera með börnunum mínum, tengdabörnum og umfram allt barnabörnunum. Ég er mjög heimakær, vil helst vera heima eða í bústaðnum með fjölskyldu minni. Finnst líka gaman á Tenerife. Síðan er skemmtilegt þegar maður stendur sig vel, vandar sig í verkum sínum og stendur með sjálfum sér, sama hvað gengur á, þá liður mér vel.

Hvað er leiðinlegt?

Mér leiðist óreiða og rugl, að hlusta á bull og afsakanir, t.d. þegar fólk er að koma sér

undan ábyrgð. Það pirrar mig mjög og ég á erfitt með að þola það.

Fyrsta atvinnan?

Passa börn og svo vann ég á hóteli á Laugavatni í Héraðsskólanum í nokkur sumur og í gömlu gufunni á Laugavatni og eitt sumar í sundlauginni á staðnum. Mágur minn var hóteltjóri. Vann tvö sumur í Álafossi, sóludeild. Allt sumarvinna. Fyrsta vinnan mín eftir að ég varð sálfræðingur var hjá Fangelismálastofnun ríkisins, en þá fór ég í fangelsi landsins og ræddi við þá sem þar voru.

Hvort er skemmtilegra að vera borgarfulltrúi eða sálfræðingur?

Það er mjög ólíkt, allt annars eðlis, en ég get nýtt reynslu sem sálfræðingur til 30 ára í borgarmálunum. Borgarmálin reyna meira á polrífin. Að vera í minnihluta er oft afar erfitt þegar maður hefur enga leið til að koma málum áleiðis og mætir ídulega óbilgírni, hroka og jafnvel valdniðslu.

Kostir?

Kostir mínir eru sennilega stundum gallar og öfugt. En ég er samviskusöm, allt sem ég geri tek ég alla leið og á það til að klára sjálfa mig. Ég hætti ekki þótt ég sé úrvinda ef þarf að klára eitthvað. Verði ég hugfangin af einhverjum verkefnum þá gleymi ég alveg stað og stund og að eiga sjálf eitthvert líf, það kemst ekkert annað að hjá mér. Ég hef mikinn metnað fyrir fólkid sem ég vinn fyrir og það stoppar mig ekkert ef ég sé færi á að ná árangri. Þetta er hrútselið í mér en ég er fædd í mars.

Ég skal, ég ætla og kemst oft yfir ótrúlegar hindranir. Þrautseig út yfir gröf og dauða, er að springa úr réttlætiskenn, er áræðin og hreinskilin, stundum of hreinskilin sennilega að mati einhverra.

Lestir?

Get verið stjórnsöm, er verkstjóri í mér. Ég hef alltaf tekið frumkvæði frá því ég var lítil, enda þurfti maður þá bara að bjarga sér og mér finnst að aðrir eigi að vera eins, fórnir sér í verkefnum sem þeim eru falið og treyst fyrir, en það gengur auðvitað ekki.

Trúir þú á drauga?

Já, og hef stundum óskað þess að ég gæti séð smávegis svoléidis. Ég er



mjög forvitin og vil líka vita hvað er barna hinum megin, helst áður en ég fer þangað.

Stærsta augnablikið?

Þegar ég eignaðist dætur mínar, þegar barnabörnin fæddust og nóttin sem ég varð borgarfulltrúi var ógleymanleg. Svo eru nokkrir aðrir hápunktar.

Mestu vonbrigðin?

Ef ég er hreinskilin þá hefði ég viljað eignast hóp af börnum en beid of lengi. Ég varð eitt sinn fyrir miklum sárindum á vinnustað fyrir löngu sem settu á mig mark. Það voru oft vonbrigði í bernsku, ég bjó við alkóhólisma foreldris, fátækt og um tíma heimilisofbeldi. Lágt sjálfsmat og brotin sjálfsmynd fylgdi mér lengi fram eftir, en metnaðargírni til að ná árangri í því sem ég tók mér fyrir hendur varð yfirstærkari og löngunin til að hjálpa fólki kom mjög snemma.

Mikilvægast í lífinu?

Það styttest í 60 árin og þá lítur maður til afkomendanna og skynjar svo sterkt að ekkert annað skiptir í raun máli og einnig hverju maður hefur áorðað, hvað skilur maður eftir, að líf manns hafi haft einhvern tilgang fyrir aðra og umhverfið.

Áttu gæludýr?

Ég á Smugu, sem er tíu ára lítill púðli sem ég elska óendanlega. Hún er með æxli við hjarta og í hvert sinn sem ég hugsa um það, fæg ég sting í magann.

Ljóð eða skáldsaga?

Afi minn var ljóðskáld, sr. Sigurður Einarsón kenndur við Holt. Finnst margt fallett eftir hann. Svo er það Páll Ólafsson sem orti svo fallega til konu sinnar.

Eitthvað að lokum?

Bara muna að lífið og heilsan eru dýrmæt- ar gjafir, ég vil reyna að gera sem mest úr mínu lífi og tilveru, vinna í þágu sem flestra og ekki síst þeirra sem minna mega sín, barnanna, öryrkja og eldri borgara. Ég vil berjast gegn fátækt. Hér á landi á enginn að þurfa að vera fátækur eða líða skort.

Væl í gömlu fólki



Svarthöfði

Margir óttast að verða gamlir. Að enda sem farlama gamalmenni inni á hjúkrunarheimili eða það sem verra er, elliheimili. Það er ekki vegna þess að þá er stutt í að maðurinn með ljáinn banki upp á eða að viðkomandi muni ekki lengur geta skeint sig. Helsta ástæðan fyrir þessu er sú að enginn nennir að heimsækja gamalmenni. Fólk óttast að einangrast, missa tengslin við sína nánustu.

Þetta sjáum við vel hjá gömlu fólki. Þeirra helsta umkvörtunarefni er að fá ekki nægar heimsóknir. Að börnin og barnabörnin sinni þeim ekki nógu vel. En ég láí þeim það ekki. Hver nennir að heimsækja gamalt fólk?

Það er kvöð og pína. Yfirleitt geymt fyrir sunnudaga, sem eru leiðinlegustu dagarnir. Í fyrsta

lagi er lyktin hræðileg, bæði af vistarverunum og gamalmenninu sjálfu. Í öðru lagi er ekkert hægt að gera. Það eru engin leikföng fyrir krakkana og fullorðna fólkid má ekki hanga í símanum eða horfa á sjónvarpið. Það er mætt á staðinn til þess að skemmta gamalmenninu. Í þriðja lagi eru það nærliggjandi og ókunn gamalmenni sem líkjast mörg hver upp- vakningum og beinlínis hræða minnstu börnin. Í fjórða lagi eru það veitingarnar, sem eru oftast nær bragðlausar en samt óhollar. Og í fimmta lagi samræðurnar við gamalmennið, um ættina og veðrið, sem eru banvænar vegna leiðinda. Nei, heimsókn til gamalmennis er aldrei gæðastund heldur kvöð.

Svarthöfði ætlar ekki að leggja slíkar kvaðir á niðja sína. Þegar Svarthöfði er búinn að missa allar tennurnar, er hættur að geta skeint sig eða þrifið, og orðinn svo leiðinlegur sökum elli að enginn



nennir að heimsækja hann þá ætti enginn að þurfa þess.

Svarthöfði skilur heldur ekki þetta væl og suð um heimsóknir. Það er til nóg af tómsundum sem hægt er að stunda í einsemd. Horfa á bíómyndir, spila tölvuleiki, lesa bækur og teiknimyndasögur, trola á netinu, leggja kapal, horfa á ípróttir, syngja karóki – framboðið er endalaust. Þegar

Svarthöfði leggst inn á stofnun verður framboðið ábyggilega orðið meira og enn minni þörf fyrir heimsókn frá áhugalitlum skyldmönnum. Ef þau raunverulega vilja hitta Svarthöfða þá er það svosum í lagi, í takmarkaðan tíma. En heimsóknir verða alveg óþarfar. Sendið Svarthöfða frekar bara skilaboð á Facebook eða SMS. ■



KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós

15% afsláttur af ljósum í febrúar



Eftir 5 til 10 ár vitum við hvort við erum ein í alheiminum

Nýrri kynslóð geimsjónauka beint að gufuhvolfum

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Erum við ein í alheiminum eða eru algjörlega óþekkt lífsform á einhverjum plánetum? Þetta er líklega ein af stærstu spurningunum sem leita á mannynið og hefur gert alla tíð. En nú er hugsanlega ekki svo langt þangað til við fáum svör við þessu. Jafnvel innan næstu fimm til tíu ára að mati Uffe Gråe Jørgensen, prófessors í stjarnedlisfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Að minnsta kosti ef lífið hegðar sér eitthvað í líkingu við það sem það gerir á jörðinni.

„Það er ótrúleg tilhugsun að við lifum á tíma þar sem við getum í fyrsta sinn fengið svarið við svona

mikilvægri spurningu. Það er frábært að við munum fá svar,“ sagði Jørgensen nýlega í samtali við videnskab.dk.

Innan fárra ára verður ný kynslóð geimsjónauka tilbúin til að leita að ummerkjum um líf á byggilegum plánetum utan sólkerfisins okkar. Með því að rannsaka gufuhvolf þeirra getum við fengið svar við spurningunni um hvort líf sé að finna utan jarðarinnar. En stóra spurningin er auðvitað hvert á að beina sjónum þessara sjónauka í leit að geimverum, einfrumungum, plöntum eða hverju því sem við teljum að geti verið að finna í hinum risastóra alheimi?

Fjarplánetur eru væntanlega tilvaldar til slíkra rannsókna en það

eru plánetur sem eru á braut um stjörnur sínar utan sólkerfis okkar. Sérfræðingar eru að mestu sammála um að beina eigi leitinni að slíkum plánetum. Nú þegar vitum við um 3.800 fjarplánetur í alheiminum og þær eru örugglega miklu fleiri. Þetta eru dularfullir heimar fyrir okkur því við komumst ekki til þeirra til að rannsaka þá. En þrátt fyrir að nýju stjörnusjónaukarnir séu mjög fullkomnir þá gera þeir okkur aðeins kleift að rannsaka þær plánetur sem eru allra næst sólkerfinu okkar. En það þýðir ekki að beina sjónaukunum að hvaða plánetum sem er af þessum 3.800, fyrst þarf að skera úr um hvort þær séu byggilegar. Ef þær eiga að vera byggilegar fyrir líf eins og við þekkjum það þá þarf hitastigið

Risastór sjónauki En hvert skal beina honum?



Uffe Gråe Jørgensen Prófessor í stjarnedlisfræði við Kaupmannahafnarháskóla.

að vera passlegt, það þarf að vera fljótandi vatn þar, andrúmsloft og plánetan þarf að snúast um öxul sinn.

Jørgensen sagði að á grunninu getu nýju sjónaukanna og skilyrðanna sem fjarplánetur verða að uppfylla til að líf, eins og við þekkjum það, geti þrífist þar, sé ekki útilokað að við finnum sannanir fyrir lífi á nokkrum slíkum á næsta áratug, hugsanlega tíu plánetum og jafnvel fleiri.

Erum við ein?

Vísindamenn eru ekki allir sammála um hvort líf sé að finna utan jarðarinnar. Sumir telja nánast öruggt að svo sé en aðrir benda á að það þurfi svo mikla röð tilviljana til að líf geti sprottið upp. Þá benda aðrir á að alheimurinn sé óendanlegur og því hljóti líf að hafa kviknað á öðrum plánetum en jörðinni, slíkur sé fjöldi pláneta og stjarna. Reynsla okkar hér á jörðinni sýnir einnig að tilveran er hörd en hér hefur verið líf þrátt fyrir ísaldir, árekstra við loftsteina og breytingar á samsetningu andrúmsloftsins. Þetta segir okkur að ef líf kviknar á annað borð þá sé erfitt að gera út af við það.

En það eru ekki öll kurl komin til grafar þótt við finnum ummerki um líf í andrúmslofti plánetu því þá á eftir að færa sterk rök fyrir að líf sé á plánetunni. En geimrann-

sóknir standa nú á þröskuldi nýrra tíma þar sem háþróaðir sjónaukar geta rannsakað miklu meira og séð miklu lengra út í geiminn en við höfum getað til þessa.

Risastór sjónauki

Extremely Large Telescope (ELT) (Mjög stór sjónauki) verður stærsti sjónaukinn á jörðinni en hann er háþróaður og er talinn marka tímamót í geimrannsóknum. Það er ESO, European Southern Observatory, sem er að smíða þetta tækniundur. Sjónaukinn verður, eins og nafnið gefur til kynna, stærsti sjónaukinn hér á jörðinni og stærð skiptir miklu hvað varðar sjónauka. Hvolþpak hans verður 85 metrar í þvermál og stærsti spegill hans verður stærri en knattspyrnuvöllur. Þeim mun stærri speglar, þeim mun meiri upplausn.

Annar nýr sjónauki er James Webb-sjónaukinn sem verður á braut um jörðina. Aðalverkefni hans verður að leita að innrauðu ljósi frá fyrstu stjörnunum og vetrarbrautunum sem urðu til í alheiminum. En hann mun einnig, eins og ELT, rannsaka samsetningu andrúmslofts fjarpláneta. Ef andrúmsloft þeirra inniheldur einhverja af grunnstoðum lífsins, eins og við þekkjum það, getur það verið merki um að líf sé að finna á þeim. ■

Gerid gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa
★★★★★

MEMORY Deluxe
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjónun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

VALHÖLL
5 svæðaskipt heilsudýna
Góð millistif heilsudýna á fráberu verði. Pokagormakerfi, gæðabólstur. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

SAGA / FREYJA
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstjónun í yfirþýnu sterkir hlöðarkantar, gæðabólstrum. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

GIMLI
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



KVÍSLARTUNGA 9, 270 MOSFELLSBÆR
87.900.000 kr.

Tegund: Stærð Herbergi
Parhús: 286 M²
7



ÁLFTAMÝRI 28, 108 REYKJAVÍK
34.900.000 kr.

Tegund: Stærð Herbergi
Fjölbýli: 72 M²
3



VATNSENDAHLÍÐ 29, 311 BORGARNES
27.900.000 kr.

Tegund: Stærð Herbergi
Sumarhús: 57 M²
3

„Besti söngleikur
sem ég hef séð“

– KA Lestarklefinn á RÚV

„Mér finnst að maður
eigi að sjá þetta, ekki
spurning“

– SGM Menningin á RÚV

„Mér fannst þessi
sýning alveg gjörsamlega
stórkostleg“

– FRV Lestarklefinn á RÚV

LOKASÝNINGAR 24. febrúar og 28. febrúar

UJmm
hwaið
ssyy'ni'gjjwmm
w'ið

eftir

Pieter Ampe

Sýnt í Borgarleikhúsinu
Miðasala á www.id.is

Íslenski
dansflokkurinn

íd

ÍSLENDINGAR Í FAN

Tveir íslenskir karlmenn, Helgi Heiðar Steinarsson og Brynjar Smári Guðmundsson, biðja nú dóms í Ástralíu fyrir stórfelldan fíkniefnainnflutning. Mál manna tveggja eru aðskilin fyrir héraðsdómi í Melbourne en fyrirtaka fer fram í báðum málum þann 19. mars næstkomandi.

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Samkvæmt úttekt DV afplána sex aðrir Íslendingar fangelsisdóm erlendis; í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og Noregi. Vert er að taka fram að sumir einstaklinganna eru ekki íslenskir ríkisborgarar, en fæddir hér á landi og skráðir í þjóðskrá eða eiga íslenskt foreldri.

Gögn gefa ekki rétta mynd

Í skriflegu svari Sveins H. Guðmarssonar, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, kemur fram að ráðuneytið haldi ekki heildstætt yfirlit yfir fjölda íslenskra ríkisborgara í fangelsum erlendis, enda er aðstoðar þjón-

ustunnar ekki alltaf óskað í slíkum málum eða hún látin vita þegar fangar eru látnir lausir úr haldi. Gögn sem utanríkisráðuneytið hefur um slík málefni eru því ófullkomin og gefa ekki rétta mynd af fjölda Íslendinga í fangelsum erlendis.

Fram kemur að allur gangur sé á því hvort óskað sé eftir aðstoð þjónustunnar í slíkum málum. Stjórnvöldum erlendra ríkja ber ekki skylda til að tilkynna handtöku íslenskra ríkisborgara eða dómsniðurstöðu í málum þeirra til íslenskra stjórnvalda. Því er ekki hægt að útiloka að fleiri íslenskir ríkisborgarar geti verið í haldi erlendra yfirvalda án þess að vitneskja um það hafi borist stjórnvöldum hér.

HELGI HEIÐAR STEINARSSON OG BRYNJAR SMÁRI GUÐMUNDSSON

Helgi Heiðar Steinarsson og Brynjar Smári Guðmundsson voru handteknir í Ástralíu í nóvember síðastliðnum. Var Brynjar Smári handtekinn á flugvellingum í Melbourne þar sem fjögur kíló af kókaíni fundust í ferðatösku hans, en hann var þá að koma frá Hong Kong. Í kjölfarið var Helgi Heiðar handtekinn á hóteli í Melbourne eftir að 2,7 kíló af kókaíni fundust á hótélherbergi hans, en talið er líklegt að fíkniefnin hafi átt að fara á markað í Ástralíu.

Söluverðmæti efnanna er



Skjáskot af Instagram-síðu Brynjars Smára.

talið vera sem nemur um 215 milljónum íslenskra króna. Samkvæmt upplýsingum áströlsku tollgæslunnar liggur allt að lífstíðarfangelsi við brot-

um manna. Verði þeir sakfelldir gætu þeir átt yfir höfði sér langan fangelsisdóm.

Þess má geta að Brynjar Smári er geysivinsæl stjarna á Instagram með um 17 þúsund fylgjendur. Þá vekur athygli að Helgi Heiðar skipti um forsíðumynd á Facebook um tveimur vikum fyrir handtökuna og skrifaði: „Bjartari mynd fyrir bjartari tíma? Let's do this!“

Hvorki Helgi Heiðar né Brynjar eiga neinn sakaferil að baki hér á landi, en líkt og fram kom í frétt DV í nóvember síðastliðnum njóta þeir og fjölskyldur þeirra aðstoðar utanríkisráðuneytisins vegna málsins.

ÁMUNDI REYR JÓHANNSSON

Árið 2014 var Ámundi Reyri Jóhannsson dæmdur í 11 ára fangelsi í Noregi fyrir að hafa myrt útvarpsmanninn Helge Dahle. Ámundi var á þeim tíma búsettur í Grimstad en hann flutti til Noregs árið 2005.

Í umfjöllun norska blaðsins VG var haft eftir sjónarvotti að Ámundi hefði drukkið ótæpilega um kvöldið. Um nóttina hafi hann svo í ölaði lýst því yfir að félagi hans, sem var með honum í samkvæminu,

hefði níu líf. Í kjölfarið tók hann upp pylsuhníf og gerði sig líklegan til að sanna orð sín.

Þegar Helge reyndi að stoppa Ámunda þá brást Ámundi við með því að stinga Helge þrisvar sinnum í bakið og einu sinni í kviðinn.

Hann var handtekinn á vettvangi og úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Helge lést skömmu síðar.

SIGURINGI HÓLMGRÍMSSON

Þann 20. janúar 2013 voru Siguringi Hólmgrímsson, 24 ára Akureyringur, og annar Íslendingur, félagi hans, handteknir á flugvellingum í Melbourne. Í tösku Siguringa voru 1,2 kíló af hreinu kókaíni, en í tösku féлага hans var tæpt kíló af kókaíni.

Félagi Siguringa eyddi 567 dögum saklaus í varðhaldi áður en Siguringi gaf eiðsvarna yfirlýsingu þess efnis að vinur hans hefði ekki vitað af fíkniefnunum. Siguringi hafði boðið manninum í ókeypis frí til Ástralíu og lagt til ferðatösku sem efnin voru falin í.


Siguringi játaði síðar sök í málinu og sagðist hafa samþykkt að smygla fíkniefnunum til að gera upp fíkniefnaskuld upp á 2,2 milljónir héraðslendis. Sagðist hann hafa verið í skuld við einstakling sem væri „valdamikill í undirheimunum“ og sá aðili hefði hótað honum og fjölskyldu hans.

Þá kemur fram í dómnum að Siguringi hafi orðið háður kannabisefnum á unglingsárum og átt erfiða æsku; hann missti yngri systur sína í bílslysi, foreldrar hans skildu og hann ólst upp við brenglaðar aðstæður. Áður en hann fór til Ástralíu starfaði hann meðal annars með Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Þann 29. maí 2015 var Siguringi dæmdur í 7 ára fangelsi fyrir brotið og gert að afplána minnst fimm ár, að frádregnum þeim 647 dögum sem hann hefði þegar setið inni.

Við dómsuppkvaðningu kallaði dómari Siguringa grimman og hjartalausán fyrir að hafa komið sök á féлага sinn.

„Það er varla hægt að ímynda sér þær sálarkvalir og það álag sem þessi saklaus maður gekk í gegnum, langt í burtu frá heimalandi sínu og ástvinum.“



Siguringi Hólmgrímsson

Castello
PIZZERIA

WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZYUR**

ÞINGELSUM ERLENDIS

MAGNI BÖÐVAR ÞORVALDSSON

Árið 2012 hvarf Sherry Prather, 43 ára kona, sporlaust í borginni Jacksonville í Flórída, eftir að hafa verið úti að skemmta sér með vinkonum sínum. Mánuði síðar fundust líkamsleifar hennar í skógi. Niðurstaðan var að hún hefði verið drepin með skotvopni og morðinginn hæft hana í brjóstið.



Hinn hálf-íslenski Magni Böðvar Þorvaldsson, sem búsettur hefur verið í Bandaríkjunum frá árinu 2010, var yfirheyrður skömmu eftir að líkið fannst. Sést hafði til hans og Sherry yfirgefa krá saman þetta örlagaríka kvöld, og þá sást í upptökum eftirlitsmyndavéla að hún hafði fengið far með Magna á bifhjóli hans. Vitni steig fram og sagði Magna bera ábyrgð á dauða Sherry. Við yfirheyrslur viðurkenndi Magni að hafa gefið henni far en neitaði að hafa skaðað hana. Yfirvöld tóku útskýringu Magna trúanlega og var honum sleppt að loknum yfirheyrslum.

inkona hans steig fram og sagði að Magni hefði játað fyrir henni glæpinn. Sem fyrr neitaði hann sök. Það var ekki fyrr en á seinasta ári að hann játaði loks að hafa orðið Sherry að bana.

Enn er ekki vitað hvers vegna Magni framdi þetta voðaverk. „Hann sagði þeim svo margar sögur að þeir vissu ekki hverju þeir áttu að trúá,“ sagði móðir Sherry í samtali við News 4-sjónvarpstöðina eftir að dómurinn var fallinn.

Í mars í fyrra var Magni Böðvar síðan dæmdur í 20 og hálfis árs fangelsi. Hann á ekki möguleika á reynslulausn.

Magni var síðan handtekinn árið 2016 þegar fyrrverandi eig-



SANDRA SIGRÚN FENTON

Í ágúst 2016 greindi DV fyrst frá máli ungrar íslenskrar konu, Söndru Sigrúnar Fenton, sem árið 2013 hlaut 37 ára fangelsisdóm fyrir bankarán í Virginíu. Um er að ræða þyngsta dóm sem Íslendingur hefur hlotið erlendis, en Sandra Sigrún er fædd hér á landi og á íslenska móður og bandarískan föður.

Í viðtali við DV lýsti Margrét Fenton, móðir Söndru, hvernig dóttir hennar ánetjaðist hörðum eiturlyfjum eftir að hafa verið nauðgað á táningsaldri. Ránin sem Sandra Sigrún var dæmd fyrir áttu sér stað sama dag, 13. ágúst 2013, hið fyrra í borginni Norfolk í Virginíu-fylki og hið síðara í borginni Chesapeake og sá Sandra Sigrún um að ræna útbúin á meðan að eiturlyfjasalinn hennar beið úti í bíl. Við yfirheyrslur sagði Sandra Sigrún

að pilturinn hefði þvingað hana til verknadarins, en mál þeirra voru engu að síður aðskilin fyrir dómi.

Þar sem um var að ræða tvö rán, hvort í sinni sýslunni, kom ekki annað til greina en að Sandra fengi tvo dóma, einn fyrir ránið í Norfolk og einn fyrir ránið í Chesapeake. Hvor dómur um sig hljóðaði upp á 18,7 ár í fangelsi, samtals 37 ár.

Reynslulausn var afnumin í Virginíu-fylki árið 1995 og eiga fangar því ekki möguleika á að losna fyrr út vegna góðrar hegðunar. Það eru því ekki líkur á öðru en að Sandra muni sitja inni þar til hún er komin á sjötugsaldur. Fjölskylda Söndru hyggst engu að síður fara fram á endurupptöku málsins, en möguleiki er á Sandra Sigrún geti sótt um svokallaða náðun, eða „clemency“, hjá ríkisstjóra Virginíu-fylkis og fengið dóminn þá styttn.



BRANDON RICHMOND

Hinn hálfíslenski Brandon Richmond var árið 2012 dæmdur í lífstíðarfangelsi í Bretlandi fyrir að hafa orðið 16 ára pilti að bana. Brandon var aðeins 12 ára gamall þegar dómurinn féll en hann framdi framdi verknadinn í slagtoxi með fjórum eldri unglingspiltum.

Samkvæmt skilyrðum dómsins á hann rétt á reynslulausn á næsta ári. Kristján Jóhann Matthíasson, faðir Brandons, ræðir örlög sonar sínar í viðtali við blaðamann DV sem finna má aftur í blaðinu.

NOKIA

Nokia 5.1 Plus

Með öflugum 8 kjarna örgjörva fyrir AR leiki

androidone

- Frábær orkunýting
- Android One
- 13 og 5MP myndavélar
- 5.8" HD+ skjár

BJARKI LÍNBERG BJÖRNSSON OG ATLI MÁR HEIMISSON

Þá hefur DV undir höndum gögn um tvo Íslendinga sem afplána skilorðsbundinn dóm í Bandaríkjunum um þessar mundir. Samkvæmt dómskjöllum frá Lake County í Washington var 22 ára Íslendingur, Bjarki Línberg Björnsson, sak-

felldur fyrir stuld á skotvopni (grand theft firearm) í nóvember 2017.

Brotið átti sér stað í nóvember 2016. Var hann dæmdur til að sæta svokölluðu community supervision í þrjú ár, til 7. nóvember 2020.

Þá er 26 ára karlmaður, Atli Már Heimisson, á skilorði í Iowa-fylki, sem rennur út 2021. Samkvæmt dómskjöllum hefur hann hlotið á annan tug dóma, ýmist skilorðsbundið fangelsi eða óskilorðsbundið, frá árinu 2014. Um er að ræða brot á borð við ránstíltraun, fíkniefnavörslu, fíkniefnasölu og óspektir og ofbeldisfulla hegðun á almannafæri.



Bjarki Línberg Björnsson

Atli Már Heimisson



STEFÁN INGIMAR KOEPPEN

Líkt og DV greindi frá í desember 2017 var íslenskur karlmaður, Stefán Ingimar Koeppen Brynjarsson, handtekinn í Cancún í Mexíkó í október 2016 grunaður um fíkniefnasmygl. Fjallað var um handtöku hans í þarlandum fjölmiðlum en þar kom ekki fram hvers konar fíkniefni var um að ræða eða hversu mikið magn. Eftir handtökuna var Stefán Ingimar fluttur í Cefereso-fangelsið í Perote.

Í samtali við DV sagðist Grímur Grímsson yfirlöggluþjónn ekki kannast við málið og þá reyndist málið heldur ekki á skrá hjá borgarapjónustu utanríkisráðuneytisins. Síðan þá hafa engar upplýsingar borist um dóm yfir Stefáni og er því möglegt að hann sé í haldi yfirvalda í Mexíkó. Það hefur DV ekki fengið staðfest.

Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!



TUDOR
Alltaf öruggt start
eftir kaldar nætur

Hraðþjónusta
Við mælum
rafgeyma og
skiptum um

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

ALEXANDER GUNNAR BJARNASON

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun Washington-fylkis (Washington State Department of Corrections) situr 28 ára gamall hálfíslenskur karlmaður, Alexander Gunnar Bjarnason, inni í Monroe Correctional Complex-fangelsinu í Monroe-borg. Situr hann inni fyrir skilorðsrof. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni hefur ekki verið staðfest hvenær mál hans mun rata fyrir dómstóla.

Samkvæmt gögnum sem DV hefur undir höndum var Alex-

ander Gunnar handtekinn fyrir skilorðsrof í janúar 2017 og aftur í febrúar sama ár. Í apríl 2017 hlaut hann 6 mánaða fangelsisdóm fyrir fíkniefnavörslu, innbrot, ökutækjastuld, auðkennisstuld og fyrir að auglýsa eða stuðla að vændi. Þá var honum gert að gangast undir áfengis- og vímuefnaeðferð. Hann var síðast handtekinn fyrir að rjúfa skilorð í janúar síðastliðnum og var þá neitað um lausn gegn tryggingu.

ÚRVAL AF HJÁLUM OG ÚLPUM

CMP herra úlpur frá 29.995 kr.-

Allir barna hjálmur 9.995 kr.-

Fullorðins hjálmur frá 19.995 kr.-

ALPARNIR

Faxafeni 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.


Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

SONUR KRISTJÁNS AFPLÁNAR LÍFSTÍÐARDÓM Í BRETLANDI

Sonur **Kristjáns Jóhanns Matthíassonar** var einungis 14 ára gamall þegar hann hlaut lífstíðardóm í Bretlandi fyrir stinga unglingspilt í hjartað. Áður en hann framdi verknaðinn, árið 2007, hafði hann ánetjast kannabisefnum og var kominn í slæman félagskap. Á þeim tíma sem hann hefur setið inni hefur hann snúið við blaðinu og náð undraverðum árangri. Kristján segir það hafa gert gæfumuninn að Brandon var fluttur í opið úrræði á seinasta ári. Þar hafi hann loksins fengið tækifæri til betrunar. Brandon á sér þá ósk heitasta að geta búið hjá föður sínum á Íslandi í framtíðinni og Kristján bindur vonir við að þeir feðgar muni sameinast á ný.

Kristján Jóhann Matthíasson.



J&S Watch co.
REYKJAVÍK



VELDU ÚR MEÐ SÁL
101 ART DECO

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Í febrúar 2016 ræddi ég fyrst við Kristján, en þá hafði Brandon setið í fangelsi í tæp átta ár. Kristján hafði þá aðeins einu sinni fengið að heyra í honum í síma.

Líkt og fram kom þá á Kristján tvo syni með konu sem hann kynntist þegar hann bjó í Bretlandi á árum áður, þá Brandon Richmond, 22 ára, og Darrell, sem er 28 ára. Sambúð Kristjáns og konunnar gekk ekki upp á sínum tíma og Kristján flutti aftur til Íslands. Eldri sonurinn Darrell kom reglulega í heimsókn til föður síns en sambandið við Brandon var mun stopulla.

„Hann kom einu sinni til Íslands, þá 11 ára, og heimsótti mig í Keflavík þar sem hann dvaldi í tvær vikur. Honum fannst bærinn vera óttalegt krummaskuð.“

Kristján vissi á þessum tíma að sonur hans væri í slæmum málum og væri farin að fíkta við hassreykingar, og jafnvel sterkari efni. Kristján var hins vegar að eigin sögn svo grænn að hann gerði sér einfaldlega ekki grein fyrir að því að sonur hans væri á fallbraut. Áður hafði Brandon staðið sig vel í skóla og sjaldan lent í vandræðum. Að sögn Kristjáns var niðst á syni hans fyrir að vera svokallað

„half caste“, af blönduðum kynþætti.

„Það var rosalega mikil klíku-myndun í kringum hann. Hann passaði ekki neins staðar inn.“

Fékk taugaáfall og brotnaði saman

Aðeins hálfu ári síðar fékk Kristján að vita að sonur hans sæti í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að manndrápi. Brandon hafði verið í slagtogi með unglingsgangi og kvöld eitt í mars 2007 eltu þeir uppi 16 ára pilt að nafni Kodjo Yenga og öskruðu: „Drepum hann, drepum hann!“ Yenga var því næst bærinn með kylfum og að lokum veitt hnífstunga í hjartað.

Breskir fjölmiðlar fjölluðu þónokkuð um málið á sínum tíma og vakti það upp umræður um vaxandi gengjameningu í Lundúnum, hækkandi glæpatíðni og neikvæð áhrif þess á ungdóm landsins. Á þeim tíma sem Kodjo Yenga var drepinn höfðu 26 ungmenni verið drepin af gengjum í London á árinu 2007. Fram kom að verknaðurinn hefði verið innvígsluathöfn í götuklíku.

Kristján segist hafa fengið taugaáfall og brotnað niður við fréttirnar. Þar sem honum reyndist erfitt að nálgast upplýsingar um framgang málsins og líðan sonar síns þá þurfti hann einkum að reíða sig á upplýsingar frá ▶



Hvað finnst þér?

Ungmennáping ÖBÍ

Ert þú á aldrinum 12-18 ára?

Hverju vilt þú breyta í:

- skólakerfinu
- tómstundastarfi
- íþróttum
- aðgengismálum
- samfélaginu
- öðru

Hvenær og hvar:

9. mars 2019

kl 13-16

Grand Hótel

Sigtúni 38

Hverjir geta tekið þátt:

Ungt fólk með fatlanir, raskanir eða langvinna sjúkdóma, systkini þeirra og ungmenni sem eiga fatlaða/langveika foreldra

Komið verður til móts við ferðakostnað ungmenna af landsbyggðinni

Skráning á obi.is eða thordis@obi.is fyrir 4. mars nk.

Upplýsingar veitir Þórdís Viborg starfsmaður

málefnaþóps ÖBÍ um málefni barna í síma 530 6700





Kodjo Yenga var 17 ára gamall.



Brandon Richmond.

Standford Hill er opið fangelsi í Kent.



Hann er algjörlega búinn að snúa við blaðinu

breskum fjölmiðlum sem fjölluðu ítarlega um málið.

Kristján lýsti þessu þannig árið 2016:

„Ég hringdi fjölda símtala og mér tókst á einum tímapunkti að móðga breskan embættismann með því að benda honum á að þeir væru að brjóta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að líklega væri betur tekið á málum barnungra fanga í Banglades. Eftir það voru allar dyr lokaðar.“

Kristjáni tókst loks í eitt skipti að ná sambandi við son sinn. „Það var eftir endalaus áþni. Mér tókst að tala einhverja embættiskonu til.“ Símtalið var ansi tilfinningaþrungnið.

„Ég heyrði að hann var hræddur. Hann vildi ekki ræða málið sjálf við mig en hann sagðist sakna þessa gamla. Ég lagði áherslu á það við hann að hann segði sannleikann. Síðan var símtalinu slitið af starfsmönnum fangelsisins.“

Vistaður með fullorðnum

Vorið 2008 féll dómur í Old Bailey í Lundúnum og var Brandon dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir glæpinn, með möguleika á reynslulausn eftir 16 ár. Annar piltur úr klíkunni fékk einnig lífstíðardóm, og þrír aðrir voru dæmdir í 10 ára fangelsi fyrir aðild þeirra að morðinu.

„Þegar dómurinn var lesinn upp hélt ég fyrst að þetta hefði verið einhver mislestur. Ég missti trúna á mannkynið í smá tíma. Þó

Life sentences for boy's killers

Two teenagers found guilty of murdering 16-year-old schoolboy Kodjo Yenga have been given life sentences.

Kodjo was stabbed in the heart in March 2007 after being ambushed by a gang, including two girls, armed with knives and bats in Hammersmith, west London.

Tirrell Davis, 17, from Shepherd's



The gang ran off laughing after stabbing Kodjo

Breskir fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um morðið á Kodjo Yenga á sínum tíma. Ljósmynd/Skjáskot af vef BBC.

svo að ég hafi alltaf sagt að hann eigi að taka út sína refsingu þá var þetta ekki nokkur glóra. Ég var niðurbrotinn, og ekki var mikill skilningur í kringum mann.“

Brandon var um tíma vistaður í unglíngafangelsi áður en hann var fluttur í fangelsi nálægt Ipswich

Hann passaði ekki neins staðar inn

sem hýsir fullorðna afbrotamenn. Þar voru aðstæðurnar vægast sagt afar bágbornar og að sögn Kristjáns var gengjamyndun algeng. Þegar ég ræddi við Kristján árið 2016 hafði Brandon dvalið í þrjú ár í unglíngafangelsi (Juvenile Detention Center) þar sem aðstæðurnar voru ögn skárri.

Hefur snúið við blaðinu

Það var síðan á síðasta ári að Brandon var fluttur í Standford Hill, opið fangelsi í Kent.

„Hann hefði ekki fengið að fara þangað nema vegna þess að hann hefur sýnt mjög góða hegðun og ekki lent í slagsmálum eða veseni, jafnvel þó að það hafi verið uppreisn í fangelsinu á sínum tíma,“ segir Kristján.

Kristján heimsótti Brandon í fyrri og segir aðstæðurnar lítið minna á fangelsi, frekar skóla eða íþróttahús. Fangarnir reka til dæmis verslun á staðnum og tækifæri til menntunar eru mjög fjölbreytt. Á heimasíðu fangelsisins kemur fram að markmiðið sé að fangarnir fái að vinna úti í samfélaginu og þá er mikið lagt upp úr samvinnu á milli fanganna þar sem þeir reyndari leiðbeina hinum.

Brandon er að sögn Kristjáns með mikla ástríðu fyrir líkamsrækt og þekkir hann til dæmis nöfnin á öllum þekktustu fitnesskeppendum Íslands.

„Hann er algjörlega búinn að

snúa við blaðinu og breytingin er alveg mögnuð. Hann er búinn að vera að lyfta á fullu og orðinn stór og stæðilegur. Hann er búinn að læra einkaþjálfarann og stúdera næringarfræði og svo er hann að bæta við sig námi í pípulögnum.“

Betrunarvist getur gert kraftaverk

Kristján segist aldrei hafa reynt að breiða yfir glæp sonar síns. Að sjálfsgöðu þurfi sonur hans að taka út refsingu og horfast í augu við gjörðir sínar. Hann telur hins vegar sannað með sögu Brandons að betrunarvist getur gert kraftaverk. Sonur hans hafi snúið við blaðinu eftir að hann var fluttur í úrræði þar sem hann var ekki lengur í „glæpamannaverksmiðju“, innan um fullorðna afbrotamenn.

Kristján hyggst fara og heim-sækja Brandon í lok mars en það stendur til að hann fái að fara reglulega í dagsleyfi seinna á árinu. Ef allt gengur að óskum mun hann fá reynslulausn á næsta ári, en Kristján ætlar þó ekki að gera sér of miklar vonir strax. Þegar ég ræddi við Kristján árið 2016 sagðist hann biðja fyrir því að sonur hans yrði nýtur þjóðfélagsþegn þrátt fyrir allt saman. Í dag er ekki ástæða til að ætla annað en að það verði að veruleika.

„Ég er ofsalega bjartsýnn í dag, og stoltur af stráknum mínum.“ ■

Hádegis tilboð
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa
brauð & Þorskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS

Stillanleg heilsurúm



Hvað eyðir þú miklum tíma í rúminu?
Ertu örugglega í besta rúminu fyrir þínar þarfir?

Með einni snertingu geturðu komið rúminu í þá stellingu sem hentar þér best hverju sinni.

Stillanleg heilsurúm

Verð frá 264.065

STILLANLEG RÚM FÁANLEG MEÐ

Þyngdarleysis stillingum (Zero gravity)
Mörgum mismunandi heilsudýnum
Einstökum mjóbaksstuðning
Hliðar og endastoppurum
Inndraganlegum botn (á sleða)

Sérstökum höfuðlyftum
Nuddi með tímarofa
Minnishnöppum
Næturlýsingu

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Höfsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

„Þetta er ekki persónulegt val ef það er fórnarlamb“

Embla Ósk er vegan-aktivisti

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Fær jákvæð skilaboð

Hvernig varð Instagram-síðan þín að vinsælli vegan-aktivismasíðu?

Embla Ósk Ásgeirsdóttir er 23 ára gömul. Hún býr í Grímsnesi með syni sínum, Henrik, sem er fjögurra ára, og kærastanum sínum, Styrmi Jarli. Embla Ósk hefur verið vegan í rúmlega eitt og hálf ár. Veganismi er ekki mataræði heldur réttindabaráttan fyrir dýrin og lífsstíll þar sem leitast er við að útiloka og forðast, eftir fremsta megni, nýtingu og ofbeldi gagnvart dýrum. Veganismi er Emblu Ósk hjartans mál. Hún er vegan-aktivisti og heldur úti vinsælli Instagram-síðu, @embla_osk, þar sem hún breiðir út boðskap um veganisma og hvetur aðra til að taka fyrstu skrefin í átt að honum. Embla Ósk hefur verið kölluð „öfgavegan“ en segir það ekki trufla sig. Það sem heldur henni gangandi eru skilaboð frá fólki sem hefur hætt að borða kjöt eða orðið vegan vegna hennar.

DV spjallaði við Emblu Ósk um veganismann, aktivismann og allt þar á milli.

Alltaf verið með sterka réttlætiskennnd

Embla Ósk hefur verið vegan síðan 1. júlí 2017. Frá áramótunum 2016/2017 var hún fiskæta (e. pescatarian) og þá af umhverfisástæðum.

„Ég horfði á Cowspiracy en var annars ekkert að kynna mér þetta. Ég var samt byrjuð að böggja fólk og spyrja af hverju það væri að borða kjöt. Ég er með sterka réttlætiskennnd og hef verið með hana frá því ég man eftir mér,“ segir Embla Ósk.

„Þetta var ekkert planað og ég skipulegg ekki hvaða efni ég ætla að deila þennan eða hinn daginn. Það eldur inni í mér og ég ræð ekki við hann. Ég fylgi mörgum vegan-aktivistum og þegar ég sé eitthvað sem nær til mín, þá verð ég að deila því. Ef mér liggur eitthvað á hjarta, verð ég að deila því,“ segir Embla Ósk.

„Mér finnst geðveikt gaman að fólk sé að fylgja mér út af þessu. Það er ekki út af mér heldur hefur fólk virkilega áhuga á því að fræðast meira um veganisma. Sumum finnst gaman að fylgjast með „öfgavegan“ manneskju, sem er allt í lagi. Þá sér sá einstaklingur það sem ég er að deila og fræinu hefur verið komið fyrir.“

Hvaða viðbrögð færðu á Instagram?

„Ég er bara að fá góð skilaboð. En ég veit alveg að fólk talar um mig. Ein sagði mér að hún hefði byrjað að fylgja mér því einhver sagði henni að ég væri öfgavegan, en nú er hún hætt að borða kjöt. Sem mér finnst geðveikt. Ég elska hatarana,“ segir Embla Ósk.

Hvað finnst þér um að fólk kalli þig „öfgavegan“?

„Mér finnst það fyndið. Ég tek því ekkert persónulega. Fólk finnst ég öfgavegan, auðvitað. Það tekur því persónulega að ég sé vegan og tali um það, þótt þetta sé ekkert persónulegt. En þetta er það sem fólk borðar og því finnst eins og það sé verið að ráðast á það. En ég er auðvitað ekki að gera það. Það er þeirra egó sem þarf að losna aðeins um,“ segir Embla Ósk.



Það er eldur inni í mér og ég ræð ekki við hann

Embla Ósk Ásgeirsdóttir

Hún segir að það sem henni þykir skemmtilegast við þetta allt saman séu skilaboðin sem hún fær. „Það fullkomnar daginn minn þegar ég fæ skilaboð frá fólki sem segist nýlega hafa gerst vegan. Það er best í heimi.“

Ísland best í heimi?

Hver finnst þér vera algeng rangfærsla um dýraíðnaðinn?

„Fólk heldur að Ísland sé best í

heimi. Dýraníðsmyndböndin sem fólk sér á netinu; það heldur að þetta sé ekki svona á Íslandi,“ segir Embla Ósk.

„Ég man þegar ég fór í fjós þegar ég var lítil og sá ekkert að því. Ég skil alveg að fólk sé ekkert að pæla í þessu. En um leið og þú byrjar að horfa á þetta frá sjónarhorni dýranna þá sérðu hvað þetta er hræðilegt. Fólk heldur líka að vegna þess að dýrin standa úti á túni á sumrin þá sé í lagi að drepa þau. En það er ekki rétt. Auðvitað eru til miklu stærri og grimmar fyrirtæki erlendis, en aðstæðurnar hérna eru samt hræðilegar. Svín sjá til dæmis ekki sólarljós. Þetta er ógeðslegur iðnaður,“ segir Embla Ósk og heldur áfram:

„Svo heldur fólk líka að kjöt- og mjólkuriðnaðurinn hér sé ekki að menga eins og iðnaðurinn úti. Ég hef fengið að heyra að vegan-vörurnar sem eru fluttar inn mengi meira. En hvað um allt fóðrið sem við flytjum inn fyrir dýrin? Við flytjum inn mörg tonn af fóðri fyrir dýrin. Það er fáránlegt magn og mengar miklu meira en vegan-maturinn okkar. Við erum líka að drepa dýr og flytja

þau út og öfugt. Þetta er svo mikil græðgi.“

EKKI persónulegt val

Hverju svararðu þegar fólk segir: „Af hverju geturðu ekki haldið skoðun þinni fyrir þig sjálfa og virt það að ég borði kjöt?“

„Getið þið ekki virt dýrin? Dýr vilja ekki láta drepa sig, vill einhver láta drepa sig? Ef þú gengir að hundinum þínum með hníf og reyndir að drepa hann, hvað myndi hann gera? Svín gera það sama. Þetta er ekki persónulegt val ef það er fórnarlamb,“ segir Embla Ósk og bætir við: „Ég segi alltaf við fólk að barnaniðingum langi að niðast á börnum, það þýðir ekki að það sé rétt. Þá verður fólk reitt. Það vill ekki líkja þessu saman.“

Ef þú mættir velja eitthvað eitt til að segja fólki, hvað væri það?

„Ef þú myndir ekki senda gælu-dýrið þitt í sláturhús af hverju finnst þér í lagi að önnur dýr séu þar. Fólk þarf líka að vita að það þurfi ekki að borða kjöt.“

Hægt er að lesa viðtalið í heild sinni á DV.is ■



VEISLUR


ÁRSHÁTÍÐIR

RÁÐSTEFNUR

SKEMMTIÐUR

MATSÖLUSTIÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar



Dæmigerður matsedill Emblu Óskar:

Morgunmatur:

„Ég fæ mér oftast boozt-skál með jarðarberjum, banana og bláberjum eða þeim frosnu ávöxtum sem ég á til, og kókósmjólk. Síðan set ég músli, skorna ávexti, chia-fræ og goji-ber ofan á, stundum set ég líka súkkulaði ef ég er í stuði.“

Hádegismatur:

„Salat með sætum kartöflum, hrísgrjónum og grænmeti. Bæti svo baunum, falafel-bollum eða oumph við. Það fer eftir því hvað er til.“

Millimál:

„Mér finnst fátt betra en gróft brauð með tahini, avókadó, rauðrófum, tómötum og salti og pipar. Fæ mér einnig stundum hrökkkex með hummus og grænmeti, eða epli með hnetusmjóri. Ég reyni líka að vera dugleg að fá mér ávexti í millimál.“

Kvöldmatur:

„Lasanja er okkar uppáhald, en það er ekkert smá næringarríkt og gott. Grunnurinn er allt það grænmeti sem er til í ísskápnum, vegan-hakk, ein salsasósa og smá vegan-rjómaostur. Ég set tortillakökur á milli og annaðhvort næringarger eða vegan-ost ofan á. Svo fer þetta inn í ofn og er borðað með smá salati til hliðar.“

Tefal

POTTA- OG PÖNNUDAGAR



LÝKUR UM HELGINA



30% AFSLÁTTUR

TILBOÐIN GILDA AÐEINS
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

POTTA
OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

byggto**g**búioð

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Tveggja milljóna sparnaður

Tölur liggja nú fyrir um heildarlaun og annan kostnað þingmanna fyrir árið 2018. Þar er staðfest að það var mikill sparnaður fólginni í því að koma loksins Ásmundi Friðriks-syni, þingmanni Sjálfstæðis-flokksins, á bílaleigubíl. Alþingi hefur mælt til þess að þingmenn noti frekar bílaleigubíla en einkabíla. Kostnaðurinn hefur verið óhóflegur hjá sumum landsbyggðarþingmönnum, sérstaklega hjá Ásmundi. Á árunum 2014 til 2016 var kostnaðurinn hjá honum í kringum fimm milljónir á ári og rúmar fjórar milljónir fyrir árið 2017. Í febrúar í fyrra lét hann loks til leiðast eftir harða gagnrýni og færði sig yfir á bílaleigubíl. Nemur heildarþinggjöld hans fyrir árið um tveimur og hálfri milljón. Þetta er sparnaður sem



nemur um tveimur milljónum miðað við fyrri ár en hann er engu að síður dýrasti þingmaðurinn í þessum flokki.

Helg og óhelg svæði

Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra brá á það ráð að skyndifriðlýsa það svæði Víkurgarðs sem átti að fara undir hótél. Var það gert eftir langvarandi þrýsting frá borgurum sem annst er um minjavernd og helgi garðsins. Víkurgarður er ekki eini forni kirkjugarðurinn í Reykjavík. Hinn stóri Laugarneskirkjugarður var friðlýstur árið 1930 og Breiðholtskirkjugarður árið 1981. Í Engey, Viðey, Hólmi við Suðurlandsveg og Gufunesi, norðan við núverandi grafreit, er einnig að finna fornar grafir. Þá er forni kirkjugarður á Seltjarnarnesi, við Seltjörn. Ekki er vitað nákvæmlega hversu langt allir þessir garðar náðu og helgin því á huldu. Vaknar þá sú spurning hvort ekki þurfi að senda út her af fornleifafræðingum til að komast til botns í þessu aðkallandi máli; hvaða þúfa teljst helg og hver ekki?



Þetta er allt ykkur að kenna

Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA, og Hörður Guðbrandsson, formaður VLFG, gengu öll út af samningafundi hjá ríkissáttasemjara. Var fundi slitið eftir aðeins hálf tíma. Sólveig Anna sem hefur látið í sér heyra í aðdraganda fyrirhugaðra samningafunda sagði:

„Verkafólk á Íslandi hefur of lengi þurft að þola láglaunastefnu og stjórnlausan ójöfnuð. Verkafólk hefur skapað góðæri síðustu ára með vinnu sinni. Atvinnurekendur hafa þó neitað að ganga að sanngjörnum kröfum Eflingar og samflotsfélaga. Verfall er þaulreynd og lögvarin aðferð stéttarfélaga til að jafna hlut vinnandi fólks gagnvart atvinnurekendum.“

Verkföll gætu verið handan við hornið og staðan er snúin og erfið. En hún var alltaf fyrirsjáanleg og löngu búin að vara þingheim við sem hefur af fullum þunga tekið við hundruðum þúsunda í launahækkun og þannig tekið þátt í að kynda undir óánægjubálinu. En eins og oft vill verða benda þau á aðra sem hafa hærra laun, eins og klikkuð laun bankastjóra sem benda kannski á húrrandi geðveik laun þeirra sem eru í sjávarútvegi.

En skaðinn er skeður og ábyrgðin hvílir á stjórnvöldum; Bjarna Benediktssyni og Katrínu Jakobsdóttur. Mánaðarlaun Katrínu og Bjarna hækkuðu um tæpa hálf milljón í árslok 2016 og þingmenn fengu um 340 þúsund. Eini maðurinn sem mótmælti og fékk líka ríflega launahækkun var Guðni forseti. Í beinni útsendingu á RÚV var Guðna brugðið, hann hafði ekkert við þessa launahækkun að gera og tilkynnti að okkar smæstu bræður og systur myndu fá að njóta hækkunarinnar um hver mánaðamót. Þingmenn stungu hins vegar þegjandi og hljóðalaust sínum stjarnfræðilegu hækkingum í vasann og nú býður fjármálaráðherra almenningi 6.750 krónur í þrepum á næstu þremur árum! Er það furða að íslenskir verkamenn sem og stór hluti þjóðarinnar sé ósáttur og fari fram á betri kjör?



„Og hvað fær hinn vinnandi maður? Jú, rúmar sex þúsund krónur! Rausnarlegt er það eða hitt þó heldur.“

Að verkalýðsleiðtogar lýsi yfir að ekkert verði gefið eftir.

Þetta reddast!

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, hefur ítrekað varað við stöðunni sem nú er upp komin. Í upphafi árs skoraði hann á þingheim að draga áður nefndar launahækkunir til baka. Skammur tími væri til stefnu.

„Hennar fyrsta verkefni á að vera og verður að vera að skapa það andrúmsloft í kringum þessar viðræður að þær geti hafizt í raun um þau efnisatriði, sem snúa beint að atvinnurekendum og launþegum.“

Séríslenski hátturinn var hafður á, hrokinn í fyrirrúmi, „þetta reddast“, hafa stjórnvöld líklega hugsað. Og ef stjórnvöld eru enn að velta fyrir sér af hverju viðræðurnar muni líklega sigla í strand og enda með verkföllum þar sem ekkert verður gefið eftir, þá skal ég útskýra það í stuttu en einföldu máli.

Árið 2016 hækkuðu mánaðarlaun þingmanna úr 762.940 í

1.101.194 krónur.

Laun ráðherra hækkuðu úr 1.347.330 krónum á mánuði í 1.826.273.

Árið 2018 fékk forstjóri Landspítalans eingreiðslu upp á rúmar sex milljónir og launin hækkuðu úr 2.088.993 í 2.586.913 krónur eða um 24 prósent.

Rektor Háskóla Íslands fór úr 1.353.571 í 1.634.723 krónur á mánuði en á fimmta tug forstöðumanna ríkisstofnana fengu launahækkun um þetta leyti.

Ábyrgðin er stjórnvalda

Á sama tíma og stjórnvöld hafa hvelsþrengt launarammann og lagt grunninn að því andrúmslofti sem ríkir í þjóðfélaginu og varað við launahækkunum hafa launþegar horft upp á enn einn sirkusinn eins og sturlaðar launahækkunir bankastjóra. Mánaðarlaun Lilju Bjarkeyjar Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans, hækkuðu til dæmis um 1,7 milljónir króna á einu ári eða um 82 prósent. Forsætisráðherra sagði þessa

launahækkun óverjandi en hafði sjálf þegið 35 prósent hækkun á sínum launum aðeins tveimur árum áður.

Þjóðin horfir svo, eins og Jóhann Páll Jóhannsson, blaðamaður Stundarinnar, bendir á, á útgerðareigendur sýsla með fé almennings og græða á nýtingu auðlindar sem er sameign þjóðarinnar samkvæmt íslenskum lögum. Þar voru 2018 árs-tekjur Kristjáns Loftssonar 33-föld árslaun forstjóra Landsbankans og 234-föld meðallaun fiskvinnslustarfsmanns. Og þetta eru afleiðingar pólitískra ákvarðana.

Og hvað fær hinn vinnandi maður? Jú, rúmar sex þúsund krónur! Rausnarlegt er það eða hitt þó heldur.

Ríkisstjórnin hefur sýnt af sér ótrúlegt ábyrgðarleysi með því að hafa látið málin þróast á þennan veg. Stéttastríð gæti verið framundan. Þetta er ykkur að kenna. Þjóðin hefur fengið upp í kok, og sex þúsund kall dugur ekki til að þagga niður í henni. ■

Spurning vikunnar

Hvað finnst þér um rúllukragaboli?





Með **NPA** notar þú tímann í það sem þú vilt

NPA miðstöðin sér um launagreiðslur, launabókhald, skatta,
samninga við stéttarfélög, tryggingar o.fl.

NPA miðstöðin skorar á sveitarfélög að ganga
frá nýjum NPA samningum án frekari tafa



NPA miðstöðin - öryggi, ábyrgð, fjármál, fræðsla og leiðsögn.

Á sínum langa ferli sinni afi líka landhelgisgæslu og lenti þá í ýmsum svaðilförum



Hvítldi þungt á afa Guðna Th.

Ég var bara smástrákur þegar afi féll frá á gamals aldri. Af samtölum við móður mína og fleiri í fjölskyldunni veit ég hins vegar vel hversu þungbært það var honum þegar Hermóður fór. Um borð voru starfsfélagar hans og vinir til margra ára,“ segir Guðna Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í samtali við DV. „Í einu veffangi urðu 17 börn föðurlaus. Mér þótti Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri komast vel að orði þegar hann skrifaði fyrir áratug um mennina tólf sem druknuðu með Hermóði að morgni 18. febrúar 1959:



Kveðja Minningarathöfn var haldin í Þórníkirkjunni laugardaginn 6. mars árið 1959.

„Hermóðsslysið er stærsta áfall sem hefur hent íslensku vitabjónustuna fyrr og síðar. Sjómennirnir tólf urðu ekki grátnir úr helju frekar en Baldur hinn góði sem æsir sendu Hermóð hinn hvata að sækja úr greipum dauðans. Þeir fylla flokk hinna fjölmörgu íslensku sjómanna sem hafa týnt lífi við störf sín og minning þeirra verðskuldar virðingu.“

Hafist var handa við að smíða nýtt vitaskip eftir Hermóðsslysið og árið 1962 kom Árvakur til landsins.

„Afi Guðni tók þar við skipstjórn en fór í land eftir tæpan áratug. Þá hafði hann verið til sjós í meira en hálfa öld,“ segir Guðni. „Mér er sagt að mest hafi honum líkað að vera með vitaskipin tvö, Hermóð og Árvakur. Þeir sem völdust þar í skipsrúm voru harðduglegir enda ekki vanþörf á. Víða var erfitt að færa vitavörðum vistir, landingin snúin og síðan þungur burður upp stórgrýti og hamra.

Á sínum langa ferli sinni afi líka landhelgisgæslu og lenti þá í ýmsum svaðilförum. Til dæmis þráaðist einn breski togarskipstjóriinn við þegar afi vildi færa skip hans til hafnar og hugðist sigla heim á leið. Gamli Ægir þurfti að skjóta um 30 sinnum



að togaranum, War Grey, uns sá breski gafst upp. Þetta var á stríðsárunum og um darraðardansinn má meðal annars lesa í Virkinu í Norðri, 3. bindi,“ segir Guðni.

Guðni telur líkur á að æviferill afa hans hafi haft áhrif á að hann hafi ákveðið að skrifa í sagnfræðinámi um landhelgisdeilur og þorskastríð. Guðni segir:

„Þar að auki hafa náfrændur mínir í föðuruætt unnið hjá Landhelgisgæslunni og nefni ég þá helst Þjóðhetju okkar Íslendinga, Guðmund Kjærnested. Á námsárunum ræddi ég oft við hann um átökin á miðunum og naut þess mjög.“

Háskasamt að sækja sjóinn
Guðni segir að hollt sé að minnast þess að háskasamt sé að sækja sjóinn en fagnar um leið þeim framförum sem hafa orðið í ör-

byggismálum sjómanna.

„Í sama mánuði og Hermóður fórst sökk togarinn Júlí á Nýfundnalandsmiðum, með 30 manna áhöfn. Hollt er að minnast þess hversu háskasamt það var að sækja sjóinn en fagna því um leið að sjóslýsum hefur snarfækkað,“ segir Guðni og bætir við að lokum: „Þannig telst 2008 seint til bestu ára Íslandssögunnar en það ár urðu samt þau tímamót að enginn mannskaði varð við Íslandsstrendur, í fyrsta skipti frá því að sögur hófust. Og nú þurfum við auðvitað að sjá til þess að öryggismál allra á sjó séu eins og best verði á kosið, ekki síst með öflugri landhelgisgæslu sem getur þá sinnt björgunarstörfum þegar á reynir.“



Ólafur G. Jóhannesson skipstjóri, Skjalpahlíð 10, Hvít, 41 ára. Hann var kvæntur og ekk kona létur hann eftir sig sjö börn á aldriinn 10, 8, 7, 5, 4 og tvö tvöggja ára.

Sveinbjörn Finnsson, 1. þjófmaður, Útgærdi við Rindihöllveg, Hvít, 24 ára. Hann létur eftir sig konu sem ekk barn á aldriinn 2-12 ára.

Guðjón Sigurðsson, 1. vélstjóri, Kópavogsbraut 43, Kópavogi, 40 ára. Hann létur eftir sig konu sem ekk barn á aldriinn 2-12 ára.

Guðjón Sigurðsson, 2. vélstjóri, Freyvingju 24, 40 ára. Hann létur eftir sig konu og uppkomna börn.

Hiljeir Gunnarsson, máttveitt, Njúkavangi 31, 30 ára. Ökumatur. Var í foreldrahúsum.

Magnús Ragnar Pétursson, háseti, Hávullagötu 13, 46 ára. Ökumatur.

Jónbjörn Sigurðsson, háseti, Goðarvögi 32, 19 ára. Var hjó foreldrum sínum og er elstur 10 systkina.

Kristján Friðbjörnsson, háseti, 27 ára, til heimilis austur á Vopnaströti.

David Sigurðsson, háseti, Samtöku 22, 23 ára. Elstur 3 systkina.

Einar Björnsson, áhöfðarmaður, út frá Vopnaströti, 30 ára.

Hiljeir Vainnes Kristjánsson, áhöfðarmaður í vél, Þinghúsbænum 23, Kópavogi, 18 ára. Var hann á tilkynningu Landhelgisgæslunnar að Hermóður hafi haft samur skip þess, sem óttast er á í band við sam kl. 4 í fyrrinótt, en

Kortlið sýnir þar stöðir, sem talið er að Hermóður hafi farið. Undirstrikað er nafn Kalmansstjarnar, þar sem hlutir frá skipinu fundust reknir.

Fermingar

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





Frábær íslenskur æfingafatnaður í fermingargjöf

Brandson er íþróttavörumerki með vandaðan íslenskan æfingafatnað. Markmið Brandson er að hjálpa þér að ná markmiðum þínum og ýta undir

vitundarvakningu, styrkja ímynd og persónuleika. Geta boðið upp á vandaða vöru sem hentar öllum, vönduð hönnun og góðar vörur sem veita þér góða innspýtingu í þau

markmið sem þú hefur tekið þér fyrir hendur og hvetja þig áfram að markinu. Brandson leggur áherslu á markmiðasetningu og trúir því að okkur séu allir vegir færir ef við

leggjum okkur nógu mikið fram og einbeitem okkur að markmiðinu. Gildi Brandson eru einbeiting, upplifun og ástríða. Þær vörur sem hér um getur eru

1 Ívar hlýrabolur

Frábær hlýrabolur sem andar vel, mjög þægilegur og gott að vera í þegar á að taka góða æfingu. Bolurinn kemur í 3 litum sem hægt er að velja um.

2 Ívar stuttbuxur

Þægilegar stuttbuxur sem anda vel, einstaklega góða fyrir æfinguna. Góð klauf á skálmum til að auka hreyfanleika. Einnig hönnuðum við auka vasa inn í hliðarvasanum fyrir símann svo að hann haldist á sínum stað þegar þú ert að æfa.

3 Ívar tights

Þessar compression buxur eru mjög öflugar, halda vel að og sérstaklega fínt að vera í á æfingum, hvort sem þú ert að taka lappaæfingu eða hlaupa. Þú finnur fyrir góðum stuðning.

1 Sigrún - léttur hlýrabolur

Æðislegur hlýrabolur úr mjög léttu og þægilegu efni sem andar vel og lætur þér líða vel.

Fléttaðir hlýrarnir á þessum gera hann alveg einstakan og gefa fallegt útlit. Efnið er líka alveg meirhátar, fallegt og þægilegt viðkomu.

2 Þrúðr II - Sports bra

Frábær og flottur toppur með stillanlegum hlýrum og hægt að þrengja í mitti. Einstaklega þægilegur og góður toppur með miðlings stuðning

3 Auður leggings


Þessar eru alveg snilld, getur verið í þeim hversdags og eru einnig sjúklega þægilegar og góðar fyrir æfinguna þína

1 Sigrún - Trackpants

Frábærlega mjúkar buxur sem henta vel hvort sem er á æfinguna eða í daglegri notkun. Sérstaklega þægilegt efni og flottar buxur.

2 Sigrún - Trackjacket

Einstök, djörf hönnun á æfinga- jakkanum Sigrún kemur mjög skemmtilega út og inniheldur ýmsar tilvitnanir úr íslenskrri sögu og hvatningar- orð. Á jakkanum eru tveir vasar á hliðum sem hægt er að loka með rennilás.



1 Brynhildr II - Pants

Frumleg hönnun fyrir þær sem þora! Brynhildr II buxurnar eru úr lipru efni sem auðvelt og þægilegt er að hreyfa sig í.

2 Brynhildr II - Sports bra

Toppurinn er úr mjúku, þéttu en teygjanlegu efni sem andar vel og hleypir raka sérstaklega vel í gegnum sig. Hann heldur vel að og púðana er hægt að fjarlægja ef vill. Frábær kostur í ræktina og önnur stór sem smá tilefni.



Það er vel tekið á móti fermingarbarninu í Galleri 17

Við leggjum mikla áherslu á að taka vel á móti fermingarbörnunum og foreldrum þeirra og veita þeim góða þjónustu. Þetta er mikilvæg stund á ævi unglingsins og til dæmis eru strákar oft að velja þarna sín fyrstu jakkaföt. Þá þarf líka að leiðbeina þeim um hvernig maður ber sig að, til dæmis hvernig jakknum er hneppt," segir Sölvi Magnússon, sem er rekstrarstjóri hjá Galleri 17 ásamt Mariu Einarsdóttur.

NTC rekur margar tiskuvöruslanir á höfuðborgarsvæðinu, þar meðal Galleri 17, sem er bæði í Kringlunni og Smáralind. Í Galleri 17 er afar mikið úrval af flottum fermingarfatnaði og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Fermingartískan hefur sjaldan verið eins fjölbreytt og í ár. Hjá strákunum er skemmtilegt samspil á milli klassísks fatnaðar og þess sem kallað er „streetwear“. Sumir velja flotta fatasamsetningu en aðrir eru í klassískum jakkafötum. Við skyrturnar eru ýmist notuð bindi eða klútar og svo eru rúllukragabolir að koma mjög sterkir inn. Vinsælt er að vera í stríga-skóm við jakkafötin, til dæmis frá Nike eða Vans. Svo eru margir sem ætla að nýta skóna sem hversdagsskó eftir ferminguna,“ segir Sölvi.

Að sögn Mariu hefur fjölbreytnin aukist hjá strákunum en fermingarfötin á stelpurnar eru samt ennþá fjölbreyttari:

„Samfestingar eru mjög vinsælir, líka blúndukjólur og ýmsir stílhreinir kjólur í ljósum litum. Úrvalið af skóm

er rosalega fjölbreytt. Sumar velja einfalda hæla á meðan aðrar sækja í gróf stígvél frá Dr. Martens og enn aðrar hvíta strigaskó frá Nike eða Buffaló-skó.“ Meðal vinsælla merkja í fermingarfatnaðinum eru Moss Reykjavík, Made, Cheap Monday og SamsØe SamsØe.

Stór stund að velja fermingarfötin
„Sumir afgreiða sitt á stuttum tíma á meðan aðrir vilja koma oft og taka sér tíma í að máta,“ segir Sölvi, en það er stór stund hjá mörgum að velja fermingarfötin og margir bregða á leik og taka myndir við þetta tækifæri sem notaðar eru á samfélagsmiðla eða sýndar í veislunni.
„Starfsfólkið leggur áherslu á að sýna krökkunum eitthvað sem fellur að stíl hvers og eins. Mörg eru með ákveðnar hugmyndir um hvað þau vilja og við leggjum áherslu á að uppfylla óskir þeirra.“
María bætir við að margir foreldrar noti tækifærið og skoði föt fyrir sjálfa sig enda úrvalið mikið í verslunum NTC. Margir nýta sér þá að vera í NTC-klúbbnum og noti vildarpunkta þegar þeir kaupa fyrir fjölskylduna. Í vefútgáfu greinarinnar á dv.is má fletta fermingarhandbókinni frá NTC en þessi glæsilegu sýnishorn eru einungis brot af úrvalinu. Við mælum með að komið sé við í Galleri 17 í Kringlunni og Smáralind, skoðað, þreifað á, mátað og fengin sé góð ráðgjöf hjá starfsfólki.

Sjá einnig vefsíðuna ntc.is





Gabor er gæði & glæsileiki



Pér á að liða vel þegar þú stigur í Gabor-skó, bæði með tilliti til þess hvernig skórnir passa á fæturna og hvernig þeir líta út. Skór ættu að vekja ánægju og aðdáun, en ekki orsaka hæsæri og tásigg.

Flottir skór þurfa ekki að vera óþægilegir

Gabor-skór eru ekki bara fallegir, heldur er lagt mikið upp úr því í framleiðslunni að þeir séu afar þægilegir. Það er m.a. gert með því að auka breidd sólans, loftþúðum og með aukinni mýkt innleggja. Að auki fást Gabor-skór með lausum innleggjum og stígvél með aukinni kálfavidd.

Gefðu fótunum það rými sem þeir þurfa

Gabor framleiðir skó í þremur breiddum. Hver tegund kemur yfirleitt í F breidd sem er standard breidd. G og H eru svo extra breiðir fyrir þá sem vilja aðeins meira rými. Að auki er svo „best fitting“ línan með auknu rými innan skósins. Það þýðir að meira pláss er fyrir tærnar, ristina og tábergið sem gefur fótunum það rými sem þeir þurfa.

Gabor lagar sig að þér

Skóhönnuðir Gabor velja mjúk efni með notkun og þægindi í huga. Dæmi um slíka hönnun eru skór þar sem þú finnur ekki fyrir saumum innan skósins. Efra lag skósins er lagað að fætinum og raki kemst út um leðrið að ofan. Að auki nota hönnuðirnir teygjur, reimar eða franska rennilása svo skórnir geti aðlagð sig að hvaða fæti sem er.

Tíska og þægindi. Já, það er bæði hægt!

Hjá Gabor eru gæðin og þægindin alltaf í fyrirrúmi en samt er nýjustu tískastraumum alltaf fylgt. Línan þeirra einkennist af gríðarlegum fjölbreytileika. Yfir 400 skómódel eru framleidd fyrir hvert tímabil. Tímabilin eru tvö á hverju ári, vor/sumar og haust/vetur.

Nánari upplýsingar á Facebook-síðunni: Gabor sérverslun

Fákafen 9, 108 Reykjavík
Sími: 553-7060



S



M





Grillað á staðnum og enginn þarf að vaska upp

Vinsælast hjá okkur í dag er heilgrillað lambalæri og grillaður kjúklingur. Með þessu eru gjarnan ostagratín-kartöflur, salat með fetaosti, bearnaisesósa og rauðvínssósa, þetta er alveg tilvalið í fermingarveisluna," segir Svanur Hafsteinsson, eigandi Grillvagnsins, sem hefur boðið upp á veisluþjónustu síðan árið 1990.

„Allur undirbúningur fer fram í stóreldhúsi okkar í Mosfellsbæ, ekið er á veislustaðinn og klárað að elda í bílunum sem búnir eru fullkomnu eldhúsi.“ Starfsemin hófst með einum grillvagni en í dag hefur fyrirtækið yfir að ráða sjö misstórum grillbílum og tveimur grillvögnum, og veitir ekki af.

Alger snilld í fermingarveisluna
Svanur segir marga eiga erfitt með að trúa því að Grillvagninn bruni í hlað um hávetur og menn taki til við að grilla lamb úti í kuldanum en þetta er í boði í öllum veðrum.

„Síðan förum við inn í hús og setjum upp borð þar sem við afgreidum matinn en við komum alltaf með kokka í veisluna. Það setur skemmtilegan brag á veisluna og fólk hefur líka gaman af að sjá grillbílinn fyrir utan og okkur að störfum þar,“ segir Svanur.

Úrvals hamborgaraveisla
Úrvalið er fjölbreytt en áherslan er lögð á kjötrétti. „Í seinni tíð eru hamborgaraveislur orðnar mjög vinsælar í fermingum. Það er líka í boði að bæta við kjúklingalundum á spjóti og sumir vilja líka grillaðar pylsur með.“ Grillvagninn kappkostar að hafa eingöngu úrvals hráefni í hamborgurunum og öllum öðrum

mat. „Maður lærði það fljótt í þessum bransa, að það margborgar sig að hafa topphráefni.“

Lamb og purusteik fyrir austan fjall
„Sumir kjósa að hafa nautalundir í veislunni sinni og það er auðvitað rosalega flott þó að það kosti sitt. Þá eru bakaðar kartöflur, bearnaisesósa og piparsósa. Eldra fólk, þeir sem komnir eru yfir sjötugt, vill hins vegar oftan en ekki bara lamb.“ Grillvagninn býður líka upp á kalkún og margir velja saman lambalæri og kalkúna-bringur í veisluna sína.

Grillvagninn þjónustar landsbyggðina líka og segir Svanur að matarsmekkur sé dálítið breytilegur eftir landsvæðum. „Ef við keyrum austur fyrir fjall er það yfirleitt alltaf lamb eða purusteik. Það er alveg magnað hvernig þetta breytist um leið og maður er kominn yfir Ölfusbrúna, þar er fólk lítið í fuglakjötinu.“

Við vöskum allt upp
„Við komum með alla diska og hnifapör rúlluð inn í hvíta servíettu og tökum allt óhreint með okkur. Það er því ekkert uppvaskeftir veisluna og mörgum þykir afskaplega þægilegt að losna við það,“ segir Svanur. Þjónusta Grillvagnsins hentar í alls konar veislur; brúðkaup, fermingar, stórafmæli og útskriftir.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni grillvagninn.is. Tekið er á móti fyrirspurnum og pöntunum í síma 898-3189 og á netfanginu grillvagninn@grillvagninn.is.



Lambið er alltaf vinsælt.



MI ICELAND:

Mi Mix 3

Venjulegt verð 89.990 kr.

Sá allra nýjasti og allra flottasti. Fullkomin gjöf fyrir feringarbarnið sem gerir strangar kröfur um gæði. Framhlið símans er einn stór skjár og frammyndavélin er falin í milli-rými símans sem hægt er að renna upp með einni fingursnertingu. Tvær myndavélar á bakhlið vinna saman og skila geggjuðum myndgæðum. Auk þess er myndavél á framhlið tvöföld með 24 MP linsu ásamt 2 MP dýptarskynjunarlinsu sem gerir notanda kleift að taka myndir í „portrait mode“. Síminn kemur með 128 GB geymsluþáss og 6 GB vinnsluminni sem er meira en nóg fyrir flestalla farsímaleiki. Þú getur ekki klikkað ef þú gefur þennan í feringargjöf!

Flottar feringargjafir á frábæru verði!

Mi Electric Scooter

Venjulegt verð 79.990 kr.

Tilvalin feringargjöf fyrir þá sem eru alltaf á ferðinni. Rafmagnshlaupahjól úr sterku og léttu áli, sams konar því sem notað er í flugvélar. Öflugur rafmagnsmótor sem kemst allt að 25 km/klst hraða og 250 Wh rafhlöðu sem skilar allt að 30 km á sléttum jarðvegi. Auðvelt að brjóta saman og halda á því eða setja ofan í bakpoka. Tilvalið til að taka með í strætó og fara á milli í miðbænum!




Mi Iceland er vefverslun

sem sendir frítt hvert á land sem er.

Fleiri hugmyndir að flottum feringargjöfum á mii.is

1140mm



1080mm

490mm



430mm

1080mm

Mi Band 3

Venjulegt verð 8.990 kr.

Fullkomin feringargjöf fyrir öll feringarbörn. Snjallúrið er nákvæmur skrefa- og hjartsláttarmælir sem gerir eigandanum auðvelt að fylgjast með líkamlegu ástandi sínu.

Úrið skráir sjálfkrafa og sýnir lengd svefns, lengd djúpsvefns og hvort maður hafi vaknað eitthvað yfir nóttina. Stór skjár þar sem hægt er að lesa heil SMS-skilaboð. Ending á rafhlöðu góð og er úrið vatnshelt niður að 50 m dýpi. Bættu við aukaól fyrir úrið úr keðju eða leðri á aðeins 2.990 kr.

**Mi A2 Lite**

Venjulegt verð 29.990 kr.

Virkilega öflugur og flottur snjallsími á verði sem erfitt er að toppa. Frábær gjöf fyrir þá sem taka mikið af myndum. Tvöfalda myndavélin að aftan býður upp á enn betri og skýrari myndir. Skjárinn þekur nær 80% framhliðar símans, rafhladan er stór og minnið er stækkanlegt með minniskorti.

MITU Mini RC drone

Venjulegt verð 12.990 kr.

Stórskemmtileg gjöf fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref í drónamyndatökum. Ódýr og endingargóður dróni frá Xiaomi fyrir þá sem vilja notendavæna og skemmtilega upplifun. Hægt er að láta drónann fara heljarstökk til allra hliða, stilla á „battle mode“ og keppa við aðra dróna í skotbardaga eða leika sér að því að láta hann svífa upp í allt að 25 m hæð. Mögulegt er að setja hæðartakmörk á drónan frá 1–25 m hæð.

Mi Selfie Stick Tripod

Venjulegt verð 6.990 kr.

Er feringarbarnið upprennandi ljósmyndari? Þá er þessi sjálfstöng fullkomin í pakkann.

Sjálfstöngin er ekki nema 19 cm að lengd og útdraganleg í allt að 51 cm. Stöngina er einnig hægt að stilla sem þrífót. Þetta er alger staðalbúnaður fyrir þá sem elska að ferðast. Einnig fylgir innbyggð fjarstýring sem má nota til þess að taka myndir. Auðvelt að snúa festingunni í heilan hring og ná þannig öllum sjónarhornum.





MOROCCANOIL:

Hvetur konur um allan heim

Konur hafa alltaf verið mesti innblásturinn að gæðavörum MoroccanOil sem byggjast á endingu og auðveldri notkun. Þar að auki er það alltaf á bak við eyrað í framleiðslunni á vörum MoroccanOil að það þarf bara eitt augnablik til að hvetja til jákvæðrar breytingar.

MoroccanOil® kynnir samstarf við alþjóðatennissamband kvenna: Inspired by Women™

Hár- og snyrtivörufyrirtækið MoroccanOil, alþjóðlegur frumkvöðull í olíubætttri fegurð, kynnir stolt samstarf sitt og Women's Tennis Association (WTA), samtaka sem standa hvað fremst í heimi íþróttakvenna. MoroccanOil er ekki eingöngu aðalstyrktaraðili WTA út keppnistímabilið 2019, heldur mun merkið einnig slást í för með WTA til að stækka grundvöll INSPiRED BY WOMEN™, sem var komið á fót árið 2014 til að veita innblástur, fagna og hvetja konur um allan heim. MoroccanOil mun með stuttmynda-seríunni INSPiRED veita íþróttakonum WTA grundvöll til að kynna fyrir

heiminum þau góðgerðarfélög sem þær aðhyllast og þær breytingar sem þau færa heiminum sem heild.

Betra stuðningsumhverfi fyrir stúlkur

Fyrsta stuttmyndaröðin fjallar um áhugaverða sýn tennisleikarans Madison Key og það markmið hennar að hafa áhrif í gegnum vinnuna með FearlesslyGiRL, samtök sem eru þekkt á heimsvísu og hvetja til betra umhverfis og aukins stuðnings fyrir ungar stúlkur. Stuttmyndaröðin verður sýnd á meðan keppnistímabilið í tennis stendur yfir og veitir þannig nýjum leikmönnum athygli og sögum sem hafa jákvæð áhrif.

Tímamótalaun gegn litadofnun í lituðu hári

Ferðalag MoroccanOil hófst á ákveðnum vendipunkti sem hvatti Carmen Tal, stofnanda merkisins, áfram að byltingu í fegurðaríðnaðinum með glænýrri nálgun á olíublandaðar hárvörur. MoroccanOil setti þá á markað nýja byltingarkennda línu sem kallast Color

Complete Collection. Vörunum er ætlað að mæta daglegum þörfum litaðs hárs og sporna gegn því að liturinn dofni eða breytist. Línan er bæði ætluð til notkunar af fagmönnum og heima fyrir. Þessi tímamótalaun gegn litatapi vinnur á móti öllum þeim daglegu ógnum sem steðja að hárlitnum; hárskemmdum af völdum efna og tækja, upplitun eða hitaskemmdum. Allt hefur þetta slæm áhrif á litað hárlit og gerir það flatt og litinn daufan. Háriðnaðurinn umbyltist gersamlega á tíu árum með tilkomu MoroccanOil-hármeðferðarinnar og hefur ástríða MoroccanOil bara aukist síðan þá.

Því fór svo að fyrirtækið bætti við nýjum vörulínum fyrir húðina; MoroccanOil Body™ og MoroccanOil Sun™. Um er að ræða gæðavörur undir áhrifum Miðjarðarhafsins sem mýkja húðina, gefa henni náttúrulegan ljóma og ómótstæðilega fegurð.

Óaðfínanlegur litur í fyrsta sinn MoroccanOil er leiðandi þegar kemur að notkun arganolíu í hárvörum en

kynnir nú í fyrsta sinn hina einstöku ArganID™-tækni, sem finna má í allri vörulínunni. Þessi háþróaða tækni sér til þess að olían nær djúpt í háirsekkinn og hjálpar þannig til við lagfæringu hársins svo liturinn haldist óaðfínanlegur. Í línunni má finna tvær vörur sem notaðar eru af fagmönnum í litafærlinu og þrjár vörur sem vernda hárið til að nota heima fyrir eftir litameðferð; sjampó, næringu og hársprey.

Í dag eru MoroccanOil-vörurnar fánlegar í yfir 65 löndum um allan heim og markmiðið er enn það sama: að hvetja til fallelgrar umbreytingar og að skapa vörur sem auka sjálfstraust.

Til að nálgast upplýsingar um MoroccanOil og sölustaði www.regalo.is

Lyngháls 5, 110 Reykjavík
Sími: 512-7777

Facebook: Regalo fagmenn
Instagram: regalofagmenn
Snapchat: Regalofagmenn





Spaðar – kjuðar – pílur – boltar

Pú færð gjöfina hjá Ping Pong. Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu).

Nánari upplýsingar má finna á pingpong.is
Sími: 568-3920
Netfang: pingpong@pingpong.is





MEBA:

Fjölbreytt úrval skartgripa fyrir fermingarbarnið

Feringaraldirinn er hjá mörgum sá tími þegar ungmennti byrja að bera skartgrip, að minnsta kosti skartgrip af finna taginu, og taka að þróa með sér smekk fyrir fallegri hönnun. „Það er líka áhugavert að strákar í dag eru farnir að bera skart miklu meira en var fyrir nokkrum árum og eru ófeimnir við það. Þannig eru tiskustraumarnir að breytast og munurinn milli kynjanna minnkar,” segir Unnur Eir Björnsdóttir hjá Meba. Meba býður upp á mikið úrval af skartgripum sem henta í fermingargjafir. „Við erum með breitt úrval af ólíkum skartgripum úr gulli og silfri, auk þess sem við leggjum mikla áherslu á íslenska hönnun,” segir Unnur.

„Það hefur alltaf verið okkar áhersla að bjóða á upp á vörur á mjög breiðu verðbili þannig að allir geta fundið eitthvað við hæfi hjá okkur, sama hver fjárráðin eða tilefnið er,” segir Unnur, en alþekkt er að fermingarbörn fái misdýrar gjafir frá hverjum og einum eftir því hvernig gefandinn er tengdur barninu.

Meba á sér afar merka sögu en fyrirtækið fagnaði 70 ára afmæli árið

2017. Í dag eru verslanirnar tvær, önnur í Kringlunni en hin í Smáralind. Fyrirtækið var hins vegar stofnað á Barónsstígnum árið 1947 og hefur einnig í langri sögu sinni verið til húsa við Laugaveg.

Bæði afi og faðir Unnar voru úrsmiðir og stofnaði afinn fyrirtækið. Hét það upphaflega Magnús E. Baldvinsson – Úr og skartgripir, en við flutning fyrirtækisins í Kringluna var tekið upp nafnið Meba, það er sett saman úr nöfnum þáverandi aðal-eigenda, afa og föður Unnar, þeirra Magnúsar Baldvinssonar og Björns Árna Ágústssonar.

Íslensk hönnun, góð þjónusta og breitt úrval eru helstu aðalsmerki Meba. „Á verkstæði okkar eru gullsmiðir, úrsmiðir og áletrunarþjónusta og reynum við að uppfylla óskir viðskiptavina okkar eins vel og við getum,” segir Unnur.

Meðfylgjandi eru nokkur sýnishorn af fjölbreyttum skartgripum frá Meba sem henta prýðilega vel í fermingargjafir.

Sjá nánar á vefsíðunni meba.is





VOGUE:

Rúmfræði fyrir hag unglingsins

Vogue er gamalgróin hús-gagnaverslun í hjarta Reykjavíkur og á Akureyri. „Við erum með mjög gott úrval af endingargóðum rúmdýnum og rúmbotnum á afar breiðu verðbili. Bæði bjóðum við upp á rúmdýnur og botna sem við flytjum inn en einnig sem við framleiðum sjálf. Þá getur viðskiptavinurinn sérvalið tau- og leðuráklæði á botna og rúmgafla með mismunandi áferð og lit eftir því sem passar inn í svefnherbergið. Hægt er að fá flotta og þægilega skápúða sem er skellt upp við höfðagaflinn þegar maður gleypir í sig góða bók. Einnig ganga þeir í staðinn fyrir höfðagafi og hægt er að fá þá í sama lit og áklæði og rúmbotninn,” segir Kolbrún Birna Halldórsdóttir, rekstrar- og verslunarstjóri Vogue.

Eins gott að rúmið sé gott

Vogue býr yfir um 70 ára reynslu í rúmaframleiðslu. „Við leggjum mikið upp úr því að veita veiðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu þegar kemur að dýnu- og rúmbotna-kaupum. Sölumenn okkar vita mjög um vörurnar sem við bjóðum upp á og veita meðal annars þá þjónustu að legugreina viðskiptavininn svo hann geti fjárfest í dýnu sem hentar honum fullkomlega. Ef við gerum ráð fyrir að manneskja fái um átta tíma svefn á sólarhring þá merkir það að við verjum um einum þriðja lífs okkar í rúminu. Þá er líka eins gott að það sé gæðarúm.“

Unglingurinn þarf góða dýnu

Það er gott að huga að því snemma að það þurfa allir gott rúm til þess að sofa í. „Við gleymum því oft að börn og unglingar þurfa líka góða dýnu. Það hefur einnig verið vísindalega sannað að unglingar þurfi oftast meira en átta tíma nætursvefn og því er það algert grundvallaratriði fyrir þá að rúmdýnan sé góð.“

Hvildu þig í Loka og Freyju

Vogue framleiðir og hannar stórsniðugan svefnstól sem er tilvalinn í unglindaherbergið. „Við erum með tvær gerðir, þ.e. Loka og Freyju. Það er oft sem vinir fá að gista hjá unglingnum. Þegar svo ber undir er auðvelt að fletta svefnstólum í sundur þannig að hann verður að þykkri dýnu á gólfinu sem er afar þægilegt að sofa á.“

Knúsaðu þig í svefn

„Önnur stórsniðug vara sem er frábær fyrir unglingsinn, eða hvern sem er í raun, er svokallaður „body pillow“ eða knúsukoddi. Þetta er stór og langur púði sem er ótrúlega þægilegt að sofa með. Einnig er hægt að leggja hann upp við höfðagaflinn og sitja uppi við hann á meðan maður les.“ segir Kolbrún.

Vogue er staðsett að Síðumúla 30, Reykjavík og að Hofsbót 4, Akureyri.

Nánari upplýsingar á vogue.is
Sími: 533-3500 Rvk. og 462-3504 Ak.



Ferming
2019



FERMINGAVEISLUR

Veislulist sér um veitingar fyrir fermingar af öllum stærðum, hvort sem er í veislusal eða heimahús

Í yfir 40 ár hefur Veislulist lagt áherslu á góða þjónustu og framúrskarand matreiðslu.



KAFFIHLAÐBORD

Verð er fyrir 30-50 manna veislu án leigu á veislusal.
Bættu við kransaköku 30 manna á kr. 16.500

- ✓ Marsipanerta
- ✓ Frönsk súkkulaðiterta
- ✓ Konfekt-marengsterta

- ✓ Kaffisnuttur
- ✓ Flatkökur
- ✓ Heitur brauðréttur



PINNAMATUR

Verð er fyrir 30-50 manna veislu án leigu á veislusal.
Bættu við marsipan fermingartertu með 20% afsl.

- ✓ Kjúklingur á spjóti
- ✓ Djúpsteikt rækjuspjót
- ✓ Reyktur lax
- ✓ Tómat confit
- ✓ Pull Pork
- ✓ Smáborgarar

- ✓ Sælkerasamloka
- ✓ BLT samloka
- ✓ Ristuð Tortilla
- ✓ Roast-beef á brauði
- ✓ Ávaxtaspjót



3JA RÉTTA STEIKARHLAÐBORD

Verð er fyrir 30-50 manna veislu án leigu á veislusal.
Bættu við marsipan fermingartertu með 20% afsl.

- ✓ Hunangsgljáð lambakeri
- ✓ Létt-steikt kalkúnabringur.
- ✓ Sjávarréttir eða purusteik
- ✓ Kartöflur með kryddjurtum

- ✓ Rótargrænmeti
- ✓ Sveppapúrtvínssósa
- ✓ Bernaise sósa
- ✓ Ferst salt með ávöxtum



Veislulist

Hólshraun 3 · 220 Hafnarfjörður · Símar: 555-1810, 565-1810
Netfang: veislulist@veislulist.is · www.veislulist.is



GULLKISTAN:

Þjóðbúningasilfur og fleiri skartgripir

Þjóðbúningasilfur samanstendur af því sem fer á búningana. Það eru aðallega myllur, borðar og belti, beltispör og slíkt," segir Dóra Jónsdóttir, gullsmiður hjá Gullkistanunni, en hún hefur meðal annars þá dýrgripir sem prýða íslensku þjóðbúningana. Margt af þessu skarti er með flóknu mynstri og vaknar sú spurning hvort þetta sé ekki mjög vandasöm hönnun.

„Þetta er misjafnlega vandasamt, það eru svo mörg mismunandi myndir en sum eru steyppt; það er búið að gera steypuna einfaldari, áður fyrr var sandsteyppt og vinnan við það mun seinlegri, en hún er orðin auðveldari með þessari nýju steypu-tækni sem komið hefur fram á seinni tímum," segir Dóra.

„Í víravirkinu er allt myndur handgert. Myllurnar minna á fiðrildi og hafa því verið kölluð fiðrildavirki," bætir Dóra við, en miklu meiri fróðleik má lesa um þetta forna skart á vefsíðunni thjodbuningasilfur.is.

Að sögn Dóru er þjóðbúningasilfur vinsæl fermingargjöf hjá þeim stúlkum sem hafa áhuga á þjóðbúningum og sumar stúlkur eru fermdar í íslenska þjóðbúningnum.

Dóra hefur einnig margs konar aðra fallega skartgripir í ýmsum verðflokkum en hún býr yfir gífurlegri reynslu í faginu. Hún hóf að nema gullsmíði árið 1949, þá 18 ára gömul, og hefur ávallt síðan starfað í faginu, eða í 70 ár. Gullkistan er til húsa að Frakkastíg 10 og hefur verið þar síðan árið 1976.

Gullkistan á marga gamalgróna viðskiptavinir, en að sögn Dóru eru margir viðskiptavinir hennar Íslendingar búsettir í Noregi. „Það er miklu meiri hefð fyrir notkun þjóðbúninga í Noregi og Íslendingar sem flytjast þangað kynnast þeirri hefð," segir Dóra.

Þar sem Gullkistan er miðsvæðis koma margir erlendir ferðamenn í verslunina. Að sögn Dóru kaupa þeir sjaldan þjóðbúningasilfur heldur fremur smærri og ódýrari skartgripir. Hins vegar eru útlendingarnir forvitnir um þjóðbúningasilfrið og vilja fræðast um það.

Sem fyrr segir er meiri fróðleikur að finna á vefsíðunni thjodbuningasilfur.is en áhugasamir er hvattir til að kíkja í Gullkistanuna, Frakkastíg 10, og finna fallega fermingargjöf.



Hermóður og Júlí: Háskasamt að sækja sjóinn

Langaði að hringja í þrjátíu ár ■ 52 börn stóðu uppi föðurlaus eftir harmleikina tvo

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Um þessar mundir eru 60 ár liðin frá því að tvö hræðileg sjóslys skóku íslensku þjóðina. Aðeins leið rúm vika á milli þess að togarinn Júlí fór með allri áhöfn, 30 sjómönnum, og að vitaskipið Hermóður fór sömu leið með 12 mönnum innanborðs. Alls stóðu 52 börn uppi föðurlaus eftir harmleikina tvo. Örlögin höguðu því þannig að á Hermóði fór tvítugur matsveinn, Birgir Gunnarsson, sína fyrstu og hinstu för sem íhlaupamaður. Þá vildi einnig svo til að Guðni Thorlacius, afi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, var í leyfi þessa örlagaríku ferð. Í samtali við DV segir Guðni að atburðirnir hafi alla tíð síðan legið þungt á afa sínum.

Skammt stórra högga á milli
Daganna 7.-9. febrúar 1959 brast á ofsaveður á Nýfundnalandsmiðum sem æ síðan hefur verið nefnt Nýfundnalandsvæðrið mikla. Veðurhæð var mikil á þessum slóðum og frosthörkur gríðar-



Kristbjörg Gunnarsdóttir með mynd af bróður sínum, Birgi.

Aðstæðurnar sem þarna mynduðust þekktust vart á Íslandsmiðum

legar. Togarinn Júlí var staddur ásamt fleiri íslenskum skipum á þessum slóðum við karfaveiðar. Togarinn var gerður út af Bæjar-

útgerð Hafnarfjarðar og var talinn eitt glæsilegasta fiskiskip í sögu íslenska flotans þegar hann kom til landsins árið 1953. Aðstæðurnar sem þarna mynduðust þekktust vart á Íslandsmiðum. Fleiri íslensk skip voru á sömu slóðum og Júlí en þekkt er kraftaverkasaga skipverja á togaranum Þorkeli Mána, sem var einn stærsti og öflugasti togarinn í Norðrhöfum.

Gríðarleg ísing lagðist á togarann og skipverjar á Þorkeli Mána björguðust aðeins með því að heyja þrotlausa baráttu gegn klakabrynjunni og losa sig við allt lauslegt sem ísing festist á, meðal annars björgunarbáta og taliur. Ísing dregur fljótt úr stöðugleika og sjóhæfni. Um borð í Júlí fór eflaust fram svipuð baráttu fram á hinstu stund. Talið er að togaranum hafi hvólt að lokum undan þunga ísingarinnar. Að minnsta kosti þrjú erlend skip fórust á sama tíma á miðunum.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir um togarana, sem voru síðutogarar, svokallaðir Nýsköpunartogarar, og keyptir til landsins að lokinni síðari heimsstyrjöldinni: „Þótt margir Nýsköpunartogaranna hafi verið afar fengsæl fiskiskip þóttu þeir ekki sérlega vel hannaðir og útfærðir með tilliti til ísingarhættu. Á þeim voru rekkverk, vírar og fleira sem á hlóðst ís í vöndum vetrarveðrum.“

Alfred Jónsson var á Norðlendingi, sem var eitt þeirra skipa sem voru á svæðinu þennan örlagaríka dag. Lýsti hann barátt-

unni við að halda sjó á eftirfarandi hátt, en látin móðir skipstjórans birtist honum í draumi og skipaði skipstjóranum að snúa skipinu undan veðri, sem hann og gerði. Alfred segir:

„Ég veit að það sem hefur bjargað því að við fórumst ekki var að ísinn var frosinn í stump í efri lestinni og haggast ekki. Hefði hann farið af stað og kastast til hefðu leikslok orðið önnur. Svona gekk þetta í þá tvo sólarhringa sem veðrið var verst, síðdegis á öðrum sólarhring var farið að hreyfa skráfu í smástund í einu, og síðan smájókst það þar til hægt var að keyra á hægri ferð með batnandi veðri. Það var í mestu látunum, eða daginn eftir að veðrið skall á, sem við fréttum að Þorkell Máni væri að farast ... Ekkert hafði heyrst af togaranum Júlí frá því kvöldinu áður ... svo slitnaði loftnetið niður hjá okkur og við vorum sambandslausir. Vonuðumst við eftir að þar hefði loftnetið slitnað eins og hjá okkur og togarinn því ekki getað látið vita af sér.“

Leit hætt og áhöfn talin af
Örvæntingarfull leit stóð yfir að togaranum á alls 70 þúsund fermílna svæði en rúmri viku síðar, þann 17. febrúar, var tilkynnt um að leitinni hefði verið hætt og togarinn Júlí væri talinn af með allri áhöfn.

Tíðindin voru gríðarlegt áfall, en þjóðin fékk ekki mikinn tíma til að syrgja. Daginn eftir var tilkynnt um



Nett fjölnotatæki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrifinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

Framhald á síðu 36



að vitaskipið Hermóður hefði farist með tólf mönnum í Reykjanesröst undan Höfnum. Svæðið er þekkt fyrir þunga og óhugnanlega strauma og hafa, þrátt fyrir að Hermóður væri talið sterkt og gott sjóskip, aðstæður reynst Hermóði um megn í þetta skipti. Þögnin og sorgin sem grúfði yfir landinu öllu situr enn í minni fólks sem man þessa tíma og verður vart lýst í orðum.

Hermóður var annað skipið í eigu Vitamálaskrifstofunnar. Bar það heiti sendiboða ásanna, hins hvata sonar Óðins. Helstu verkefni Hermóðs voru flutningar vegna vitabjónustunnar. Ferðir með gashylki í vitana voru árvissar og flutningur á matvælum, kolum, áburði og öðrum nauðsynjum til vitavarda. Í umfjöllun Hermanns Guðjónssonar vitamálstjóra í Morgunblaðinu sem rifjaði upp hina síðustu siglingu segir:

„Eins og oft áður hafði skipið gegnt hlutverki varðsþips á Eyjamíðum og nú var tímabært að halda heim til Reykjavíkur eftir tveggja vikna úthald. Veður var allsæmilegt síðdegis þegar Hermóður sigldi frá Eyjum en fór versnandi og um kvöldið var komið hávaðarok af suðvestri.

Storminum fylgdi mikið hafrót. Flutningaskipið Vatnajökull komst nauðulega gegnum Reykjanesröstina fyrri hluta nætur. Hermóður var nokkuð á eftir honum. Hann var undan Reykjanesi þegar samtöl fóru á milli skipanna um fjögurleytið um nóttina. Þá amaði ekkert að tólfmanningunum um borð en röddin í talstöð Vatnajökuls var síðasta lífsmarkið sem barst frá vitaskipinu Hermóði.“

Hermóður, sem var smíðaður úr stáli í Stokkholmi og fullbúinn árið 1947, var á leið frá Vestmannaeyjum, þar sem hann hafði verið við bátagæslu á vegum Landhelgisgæslunnar, þegar slysið varð. Þegar skipið skilaði sér ekki sendi Landhelgisgæslan flugvélinu Rán til þess að leita að því og nokkru síðar var Slysavarnafélagið beðið um að láta leita meðfram ströndinni frá Grindavík og vestur og norður fyrir Reykjanes allt að Garðskaga. Brugðu slysavarnadeildirnar í Grindavík og Höfnum, svo og þrjár leitarflokkar frá Reykjavík, skjótt við og fundu skömmu eftir hádegi brak úr skipinu rekið undan bænum Kalmanstjörn sunnan við Hafnir. Voru það fyrstu vísbendingar um að skipið væri ekki ofansjávar. Lestarahlerar og brotinn björgunarbátur Hermóðs gáfu til kynna að ólíklegt væri að nokkur vitaskipsmanna hefði komist lífs af. Var talið að skipið hefði sokkið skyndilega og nánast útilokað að nokkur skipsmanna hefði komist lífs af. Hermann sagði í Morgunblaðinu:

„Ýmislegt brak úr skipinu rak



Ólafur G. Jóhannsson

Stjórnulestur

afni Jón Árnason, prófessor.

Vísindafélagið 2008.

Þeir, sem fórust með Hermóði:


Birgir Gunnarsson


Davíð Sigurðsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson


Einar Hjörsson

á fjörur á Reykjanesi dagana eftir slysið en líkum sjómanna skiláði hafið ekki.“

Samvisekusemin réð för

Eins og áður sagði fór tvítugur maður, Birgir Gunnarsson, með sem afleysingamaður í þessa hinstu för Hermóðs. Minnstu munaði þó að hann hætti við á síðustu stundu.

„Rétt fyrir brottför Hermóðs fékk hann boð um pláss á skipi frá Sambandinu sem var á leiðinni til Akureyrar. Þar átti hann vinkonu sem hann var byrjaður að skrifa á við og var mjög spenntur fyrir því að hitta. Hann átti í miklu sálarstríði um hvorn valkostinn hann átti að velja. Að lokum réð þó samvisekusemin för. Hann vildi standa við orð sín,“ segir Kristbjörg Gunnarsdóttir, systir Birgís.

Birgir var tveimur árum yngri en hún og voru systkinin nán. „Þetta var gríðarlegt áfall fyrir mig og fjölskyldu mína. Maður fann vel að þjóðfélagið var sem lamað af sorg eftir þessi tvö stórslys. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar greint var frá slysinu í átta fréttum Ríkisútvarpsins. Jónas Jónsson las fréttina upp. Eftir það var útsendingunni sliðið og tilfinningaþrungin tónlist spilud það sem eftir lifði dags,“ segir Kristbjörg.

Langaði að hringja í þrjátíu ár
Skipstjóri Hermóðs var Guðni


Thorlacius, afi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands. Guðni var í leyfi þennan hinsta túr skipsins.

„Guðni kom á heimili okkar ásamt presti fyrr um kvöldið og tilkynnti okkur hvað hefði gerst. Hann var niðurbrotinn og ég man að hann sagði föður mínum að hann hefði viljað fara með áhöfn sinni,“ segir Kristbjörg.

Birgir bróðir hennar leysti Sigmund Þórðarson af á Hermóði en Sigmundur þurfti að undirgangast aðgerð á spítala. Sigmundur var faðir Kristins Sigmundssonar stórsöngvara. Á dögunum lét Kristbjörg verða af því að slá á þrjátíu til Kristins. „Mig var búið að langa til að hringja í hann í meira en þrjátíu ár,“ segir hún og hlær. Að hennar sögn tók Kristinn henni afar vel og áttu þau langt spjall saman um þessa atburði.

Kristbjörg segist hafa kveikt á kerti í tilefni tímamótanna þann 18. febrúar og fengið tár í augun við að minnast bróður síns.

„Hann lifur mér aldrei úr minni. Birgir var vel metinn og góður drengur. Minning hans lifir í fjölskyldunni. Til marks um það þá eru nöfnin Birgir og Birgitta algeng í minni ætt. Ég á dóttur sem heitir Birgitta og barnabarn hennar fæddist 18. febrúar 2014. Sú stúlka var einnig nefnd Birgitta í höfuðið á Birgi og ömmu sinni. Það var gott að geta líka glaðst á þessum degi,“ segir Kristbjörg. ■





material handling e-solution

RAFMA GNS BRETTATJAKKUR, KRAFTMIKILL, LÉTTUR OG LIPUR

Lithium Rafhlaða
Aðeins 3 kg
2 ára ábyrgð



ETNA ehf.
Til sýnis hjá Pmt Krókhálsi 1

**ER ALLT ÖÐRUVÍSI
OG GETUR MEIRA.**

LÍTIÐ STÆRRI EN
HANDTJAKKUR OG
MIKIÐ MINNI EN
HEFÐBUNDNIR
RAFMA GNS-
BRETTATJAKKAR

Farðu inn á
www.youtube.com
og sláðu inn:
cPx7PPYvNUM
Þá sérðu Microlift video
Sjón er sögu ríkari

Fyrirspurnum svarað í síma 698 1539.
Sendu tölvupóst á netfangið siggi@pmt.is
og við sendum upplýsingar um Microlift.

BÍLAMERKINGAR



Vel merktur bíll er ódýrasta auglýsingin



Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

VÍNYLPARKET

Vínyparket.is býður upp á mikið úrval af vínyparketum í náttúrulegu viðar- og steinútliti. Viðhaldsfrítt og slitsterkt efni sem þolir vatn og þunga traffík. Vínyparket fæst smellt niðurlímt eða lauslagt og er í mörgum tilfellum hægt að leggja það yfir önnur gólfefni. Frábær lausn fyrir heimili, sumarhús, skóla o.fl.

HÁGÆÐA WEBER MÚREFNI

Við bjóðum einnig upp á flotefni og alhliða lausnir til gólfviðgerða



Weber.Cem Eco grout

Þansteypa / samsteypa.
Frábær steypublanda í lagnagöt, raufar, o.fl.
Góðir floteiginleikar og mikill styrkur.
Verð kr. 1.995



Weber.Rend OCR

Þjál og hagkvæm, milligróf múrblanda og þússningarefni.
Má nota úti sem inni.
Verð kr. 2.195



Weber.Floor Level

Hraðþornandi alhliða flotefni með frábæra floteiginleika.
Hentar undir öll gólfefni og lökkun. Þykktarsvið 2 – 30 mm
Verð: 2.595

HÉR BÚA ÍSLENSKAR TÍSKU- DROTTNINGAR OG KONGAR

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



DV heldur áfram að skoða hvernig fulltrúar hinna ýmsu stétta hafa komið sér fyrir á fasteignamarkaði. Áður hefur DV skoðað hvernig stjórnendur bankanna búa, sem og fulltrúar launþega, stjórnendur lífeyrissjóðanna og forstjórar hinna

ýmsu stórfyrirtækja.

Í þetta sinn er komið að þeim sem skapað hafa tísku landsmanna, margir til fjölda ára, hönnuðum og/eða eigendum hinna ýmsu tískuverslana landsins. Í DV 1. febrúar tókum við fyrir tíu tiskudrottningar og kónga og hús þeirra og hér er komið að öðrum hluta.

DV fletti upp á heimilum tíu einstaklinga og kaupverði eign-

anna. Kennir þar ýmissa grasa.

Hæsta kaupverðið á tískuheimili var 128,5 milljónir króna en lægsta kaupverðið var 13,5 milljónir króna. Hafa verður í huga að hæsta verðið var greitt 2013, en hið lægsta 2002. Nokkur stærðarmunur er á eignunum, stærsta tísku-húsið er heilir 352,7 fermetrar og það minnsta er 79,2 fermetrar að stærð.



Vesturgata 26c Hafdis Þorleifsdóttir, eigandi Gyllta kattarins, býr í fallegu 168,4 fermetra bakhúsi sem var byggt árið 1897. Hafdis keypti húsið árið 2003 á 16,2 milljónir króna. Falleg eign rétt fyrir utan ys og þys miðborgarlífsins.



Rauðilækur 25 Sindri Snær Jónsson, annar eigenda Húrra Reykjavík, er skráður til heimilis hjá foreldrum sínum. Frábær staðsetning og engin ástæða til að færa sig langt frá þessu hverfi.



Bergstaðastræti 54 Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson, eigendur skóverslunarinnar Kron Kron, eiga 79,2 fermetra risibúð í þessu fallega húsi sem byggt var árið 1928. Íbúðina keyptu þau í nóvember árið 2002 á 13,5 milljónir króna.



Laugarásvegur 35 Ester Ólafsdóttir og Karl Steingrímsson, eigendur Pelsins, eiga glæsilegt 345,8 fermetra hús, sem byggt var árið 1958, sem Ester er skráð ein eigandi að síðan árið 2009. Klukkur Áskirkju klingja í nágrenninu og frábært útsýni er yfir Laugardalinn og stutt að fara til að njóta útiveru og kyrrsældar þar.



Strandvegur 8, Garðabæ Helga Ólafsdóttir, eigandi Iglo+indi, býr í 113,4 fermetra íbúð í húsi sem byggt var árið 2004. Helga keypti íbúðina í maí 2017 á 45 milljónir króna.

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir
óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is



Sörlaskjól 24 Margrét Arna Hlöðversdóttir, eigandi As We Grow, á 279 fermetra hús í Vesturbænum með manni sínum, Jóni Garðari Guðmundssyni.

Húsið, sem byggt var árið 1950, keyptu þau í nóvember árið 2007 á 73 milljónir króna. KR-völlurinn, Vesturbæjarlaug og útivistarperlan við Ægisíðu eru í næsta nágrenni.



Gulapíng 22, Kópavogi Sara Lind Pálsdóttir, eigandi Júník, býr í íbúð í fallegu parhúsi sem byggt var árið 2008. Íbúðina, sem er 105,6 fermetrar, keypti Sara Lind í febrúar 2018 á 49,5 milljónir króna. Útivistarperlan á Vatnsenda og Vatnsendavatn bíður manns við bæjarðyrnar.



Markarflöt 51, Garðabæ Andrea Magnúsdóttir, eigandi Andrea by Andrea, býr í gullfallegu 204,9 fermetra einbýlishúsi með manni sínum, Ólafi Þór

Ólafssyni. Húsið, sem byggt var árið 1965, keyptu þau í nóvember 2011 á 45 milljónir króna. Frábær eign á flötunum í Garðabæ.



Kjarnagata 29, Akureyri Þuríður María Hauksdóttir, eigandi Spútínk og Nostalgía, leigir íbúð í þessu húsi, en Heimavellir III ehf. er eigandi alls hússins, sem byggt var árið 2016.



Mávanes 8, Garðabæ Lindex-hjónin Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon búa í fallegu 352,7 fermetra einbýlishúsi sem byggt var árið 1979. Húsið keyptu þau í júní 2013 á 128,5 milljónir króna.



Háaberg 39, Hafnarfirði Linda Björg Árnadóttir, eigandi Scintilla, býr ásamt unnnusta sínum, Bárði Sigurgeirssyni, í 322 fermetra einbýlishúsi, sem byggt var 1992 og er þinglýst eign hans.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Helena hefur glímt við ofsakvíða frá bernsku

■ Hefur ekki farið á almennings-
staði síðan hún var tíu ára gömul

Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Helena Ýr Jónsdóttir er tuttugu og þriggja ára gömul, búsett í Grafarvoginum þar sem hún starfar sem leiðbeinandi á leikskóla. Í dag er Helena í veikindaleyfi því hún glímir við alvarlegan kvíða sem hamlar henni mikið í daglegu lífi. Helena segir kvíðann hafa byrjað um fimm ára aldur en að greining hafi legið fyrir þegar hún var orðin sjö ára gömul.

„Ég man bara eftir sjálfri mér með kvíða. Þegar hann byrjaði

Vegna kvíðans tíndust vinirnir í burtu

byggðist hann á því að ég var hrædd við uppköst. Fyrstu kvíðaköstin mín komu þegar við vorum nýflutt í nýja íbúð, mamma var nýbúin að eignast litla bróður minn og fékk fæðingarþunglyndi. Þá var ég rosalega háð henni og þurfti alltaf að vita hvar hún var og hvenær hún myndi koma heim. Ég hringdi í hana allavega tíu sinnum á dag bara til þess að heyra í henni

og til þess að fá að vita hvar hún var. Af þessum ástæðum var mjög erfitt fyrir mig þegar ég þurfti að fara í pössun og ég var með mikinn aðskilnaðarkvíða,“ segir Helena Ýr Jónsdóttir í viðtali við blaðakonu.

Hræddist það að borða vegna mögulegra uppkasta

Um leið og bera fór á einkennum kvíða hjá Helenu fóru móðir

hennar og faðir með hana til barnageðlæknis þar sem sett var í gang ferli til þess að hjálpa henni. Á einum tímupunkti var kvíði Helenu það slæmur að leita þurfti með hana á BUGL þar sem kvíði hennar hafði þau áhrif á hana að hún hræddist að borða vegna mögulegra uppkasta ásamt því að hún glímdi við alvarlega sýklafælni.

„Að vera með kvíða sem barn var hræðilegt. Ég átti erfitt með að vera annars staðar en heima hjá mér, þegar ég var ung gat ég aldrei gíst hjá vinkonum mínum. Ég fór ekki með bekknum mínum í nein ferðalög út af kvíða og ég reyndi að ljúga að krökkunum að ég þyrfti að fara til útlanda á þeim tíma sem ferðalögin voru eða þá að mamma og pabbi hefðu bannað mér að fara. Þegar ég var í grunnskóla þurfti ég að fara reglulega niður til ritarans bara til þess að geta fengið að hringja í mömmu svo ég gæti vitað var hún var og hvenær hún kæmi heim.“

Þegar Helena var um tíu ára gömul fór hún með vinkonu sinni í bíó eins og gengur og gerist með krakka á þeim aldri. Sú bíóferð átti eftir að hafa mikil áhrif á framtíð Helenu.

„Eftir bíóferðina kastaði ég upp fyrir utan bíóið og síðan þá hef ég ekki þorað að fara í bíó né á neina almenningsstaði. Ég hef alltaf átt erfitt með að fara í Kringluna og Smáralindina síðan ég man eftir mér. Þegar ég byrjaði að fá kvíða var hann rosalega slæmur og var það mjög lengi. Grunnskólinn var virkilega slæmt tímabil en besta tímabilið mitt var þegar ég var að klára 10. bekk og fór í framhaldsskóla á árunum 2011–2014.“

Vinirnir tíndust í burtu

Helena segir að unglingsár hennar hafi verið misjöfn og að hún hafi átt erfitt með að sinna félagslífinu vel.

„Vegna kvíðans tíndust vinirnir í burtu. Ég hef slitið mig frá mörgum vinkonum út af kvíða. Skóli hefur alltaf verið mjög erfiður fyrir mig og ég hef ekki með tölu á því hversu oft ég hef hætt í fram-

haldsskóla út af kvíða og ég hef ekki ennþá klárað neitt nám vegna hans. Ég finn fyrir meiri pressu eftir því sem ég eldist vegna kvíða, vinnu og náms. Eftir að ég varð eldri fannst mér ég eiga að vera hætt með kvíðann. Að þegar maður sé kominn á þrítugsaldurinn eigi maður að vera með allt á hreinu. Búin að finna framtíðarvinnuna og að minnsta kosti kominn með framhaldsskólagráðu.“

Helena upplifði mikla skömm vegna kvíðans og fannst hún alltaf vera ein að takast á við þetta vandamál.

„Ég sá aldrei neinn fá kvíðakast á almannaferi þannig að mér fannst ég vera ein í heiminum sem var með svona slæman kvíða. Ég skammaðist mín ef ég sýndi að ég væri að fá kvíðakast fyrir framan fólk og eftir því sem ég verð eldri þá finnst mér vera meira tabú að vera með svona slæman kvíða sem stjórnar lífinu. Mér líður eins og ég eigi að vera með allt á hreinu, vera í hundrað prósent starfi og vera „fullorðins.“ Í dag er ég í sálfræðimeðferð, geðlæknismeðferð og lyfjameðferð. Einnig er samband mitt og móður minnar mjög gott og hún skilur veikindi mín.“

Vill ekki keyra Miklubrautina

Kvíðinn hamlar lífi Helenar gífurlega og suma daga kemst hún einfaldlega ekki út úr húsi til þess að sinna einföldustu verkefnum.

„Ég er með víðáttufælnikvíða, ég fæ ofsakvíðaköst og er svo líka með þennan „venjulega“ kvíða gagnvart hlutum sem aðrir hugsa ekki einu sinni um. Eins og til dæmis það að keyra inn í annað hverfi, keyra á Miklubrautinni og bara það að keyra langt frá húsinu mínu. Í hvert skipti sem ég fer út úr húsinu mínu fæ ég „Fight or Flight“-hugsun. Ég þarf að komast út úr aðstæðum sem eru ekki einu sinni ógnvekjandi og ég þarf að komast út úr þeim NÚNA STRAX. Þótt ég sé kannski bara um þrjár mínútur frá húsinu þá þarf ég að komast heim á þessari sekúndu. Þetta hamlar mér rosalega í daglegu lífi og suma daga fer ég ekki út úr húsi af kvíða. ▶

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI
VIÐ PLASTI



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is

Verið velkomin á matarvef DV

Stórglæsilegur og
girnilegur matarvefur
á dv.is

Þar er að finna góð ráð í
eldhúsinu, léttleikandi og
fræðandi myndbönd og
aragrúa af uppskriftum sem
gleðja bæði augu og maga.

dv.is/matur



*Komid fagnandi og
verði ykkur að góðu!*



Þetta hamlar mér rosalega í daglegu lífi og suma daga fer ég ekki út úr húsi af kvíða

Aðra daga kemst ég kannski í búðina en það tekur nokkrar tilraunir. Ég hef þurft að hætta í bæði vinnu og námi vegna kvíðans.“

Helena hefur gengið í gegnum ýmislegt til þess að reyna að vinna bug á kvíðanum. Hefur hún meðal annars farið í HAM-meðferð, sálfræðiviðtöl ásamt fleiri úrræðum, sem ekki hafa dugað.

„Þegar ég var yngri dugði fyrir mig að fara í sálfræðimeðferð og lyfjameðferð en eins og staðan er í dag þá þarf ég aðeins meira og þess vegna varð ég að fara í veikindaleyfi til þess að huga að sjúkdómnum mínum hundrað

prósent. Ég var í yndislegri vinnu með góðu fólki en stundum þarf maður að setja sjálfan sig í fyrsta sæti.“

Má ekki verða eirðarlaus

Til þess að geta haldið ró sinni þarf Helena ávallt að hafa eitthvað fyrir stafni. Ef hún verður eirðarlaus fara kvíðahugsanir hennar í gang og fer hún þá í ofsakvíðakast.

„Ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað. Ég þarf alltaf að hafa sjónvarpið í gangi, vera í símanum og kannski líka tölvunni til þess að dreifa huganum. Ef ég er ekki að gera neitt og er ein með huganum



mínum þá byrja ég að hugsa mikið um kvíðann og þá fæ ég ofsakvíðakast. Ofsakvíðaköstin mín upplifi ég eins og spark í magann, ég verð ótrúlega hrædd allt í einu og ég veit hreinlega ekki af hverju. Ég

þarf að flýja í burtu en það er ekkert hægt að fara. Ég titra rosalega mikið og svitna. Þetta er ógeðslegasta tilfinning sem ég hef upplifað. Ég er hrædd um að ég sé að verða klikkuð og að ég muni aldrei losna við þessa tilfinningu.“

Helena lýsir kvíða sínum sem ákveðinni hræðslutilfinningu. Þegar hann byrjar fer hún að anda hraðar, fær fiðring í magann og byrjar að titra. Henni verður kalt en svitnar samt.

„Það eru til ótal margar tegundir af kvíða og hver og ein manneskja upplifir kvíða á sinn hátt. Í byrjun fær maður ónotatilfinningu og fer að upplifa sig í hættu. Byrjar að reyna að finna útgönguleiðir til þess að komast í burtu frá því sem er að gera mann kvíðinn. Börn sem eru með kvíða vita oft ekki að þau hafi hann, kvarta oft um magaverk og höfuðverk og vilja til dæmis ekki fara út.“

Hjálpar henni að opna sig

Helena segir kvíða ógeðslegt fyrirbæri sem margir glími við í dag. Segir hún umræðuna gagnvart kvíða enn vera svolítið tabú og að ekki margir ræði hann opinberlega.

„Ég hef núna verið að skrifa niður það sem ég er að upplifa og hugsa og deili því á blogg-síðu minni (kvidalena.wordpress.com), það hefur hjálpað mér rosalega mikið. Fyrsta færslan mín er mín besta útskýring á kvíðanum en ég kalla hann minn djöful. Einnig er ég með Snapchat (kvidalena) sem ég nota eins oft og ég mögulega get. Ég hef verið að fylgjast með opinberum snöppurum frá árinu 2014 og hafa

þeir hjálpað mér mikið. Ég ákvað að opna snappið mitt bara fyrir mig en ég vona að ég geti kannski hjálpað einhverjum þarna úti sem er kannski alveg eins og ég. Sem glímur við kvíða eins og ég. Ég bjó það til vegna þess að ég fann engan snappara sem talar eingöngu um kvíða og hvernig það er að glíma við hann daglega. Ég reyni að sýna frá því þegar ég fer út úr húsi og þegar ég fæ kvíðaköst. Það hefur hjálpað mér rosalega mikið að snappa um þetta, fyrst var ég rosalega feimin en nú er ég orðin aðeins meira opin. Ég vona að því fleiri sem tala um kvíða, því minni verði fordómarnir.“

Persónulega finnur Helena fyrir miklum fordómum gagnvart veikindum sínum og vonar hún að með því að opna sig um þau geti hún opnað augu þeirra sem ekki glíma við kvíða og þeir hætti að dæma þessi veikindi. Vegna mikillar reynslu af kvíða lék blaðakonu forvitni á að vita hvaða ráð Helena myndi gefa þeim sem grunar að börnin sín eða þau sjálf séu að glíma við kvíða.

„Það sem ég myndi mæla með fyrir fólk með kvíða er að komast til geðlæknis eða sálfræðings. Geðlæknirinn getur hjálpað þér að finna réttu lyfin og vegna þess að það eru ekki allir með alveg eins kvíða þá getur sálfræðingur fundið út úr því hvað hentar best persónulega. Svo er alltaf hægt að fá hjálp frá geðdeild ef það á við. Maður á ekki að þurfa að skammast sín fyrir að þurfa að fá hjálp. Ef þú værir fótbrotin þá myndir þú fara til læknis til þess að fá hjálp og það sama á að gilda um kvíða.“ ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One[®]
www.one.is


OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



ÚRVALIÐ
ER HJÁ

prima





Á Íslandi ríkti ofbeldismenning

■ Sjónvarpsþættir Baldurs ollu usla ■ Sakaður um árás á bændur

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Vorið 1993 var íslenska þjóðin harkalega vakin upp af draumi. Drauminum um að í gegnum aldirnar hefði hér ríkt samhent og nánast stéttlaust samfélag, andstætt við lénsveldi Evrópu. Í þáttum Baldurs Hermannssonar, Þjóð í hlekkjum hugarfarsins, var á hispurlausan hátt greint frá því hvernig íslenskir bændur viðhéldu völdum sínum með því að koma í veg fyrir þéttbýlismyndun. Afleiðingin

varð fátækt og ofbeldi, sem vinnuhjú fengu að kynna á eigin skinni öld eftir öld. Þættirnir hreyfðu við fólki og sumir vildu banna þá, þeir væru árás

á landsbyggðina. DV ræddi við Baldur um þættina og viðbrögðin við þeim.



Baldur Hermannsson Setti allt á annan endann vorið 1993.

Þjóð í hlekkjum hugarfarsins
Förukonan Þuríður og sonur hennar Jón brennd á báli.

Íslendingar uppteknir af konungablóðinu í sjálfum sér

Strax í fyrsta þættinum skipti Baldur Íslandssöggunni upp í fjögur megingímabil. Landnámsöld, goðaveldi, bændaveldi og borgaröld. Bændaveldið var viðfangsefni þáttanna, skilgreint frá árinu 1262 til 1893, eða röskar sex aldir. Þrátt fyrir að landið væri undir konungi hafi bændur verið hér alraddir og vísitandi hindrað þéttbýlismyndun til að halda völdum sínum. Ægivaldi þeirra lutu íslensk vinnuhjú og smælingjar sem bundnir voru í vistarband.

Baldur mótaði þessa kenningu eftir að hafa kynnt sér verk sagnfræðinganna Gísla Gunnarssonar og Ólafs Ásgeirssonar og einnig Kirstens Hastrup mannfræðings. Ólafur, sem lést langt fyrir aldur fram, hélt því fram að baráttu vinstri- og hægrimanna á 20. öldinni væri hjómið eitt miðað við baráttuna milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem var háð með fullri hörku um langt skeið.

Í samtali við DV segir Baldur að hann hafi hins vegar ekki litið á sitt hlutverk sem fræðimennsku, heldur fjölmiðlun. Hann var jafnframt hvattur áfram af Hrafni Gunnlaugssyni, þá dagskrárstjóra hjá Ríkissjónvarpinu, sem stóð fyrir uppátækjum og nýbreytni í dagskránni. Hrafn vildi að Baldur kæmi þessum hugmyndum beint inn í stofuna hjá fólki. Hugmyndum sem voru í hrópandi mótsögn við þá glansmynd sem dregin var upp á tyllidögum og í sögukennslubókum.

„Íslendingar eru svo uppteknir af konungablóðinu í sjálfum sér,“ segir Baldur. „Þetta eru leifar af sjálfstæðisbaráttunni frá 19. öld þegar Fjölnismenn mögnuðu hér upp mikla þjóðermiskenn, sem skilaði árangri. Við lítum til upprunans og hinnar stórbrotnu menningar á 13. öld. En brjótum ekki heilann um það hvernig smælingjar höfðu það og hvernig farið var með brotamenn sem stálu sér til matar.“

Verkkunnáttan frumstæð og sjálfsbjargargetan hverfandi

Harkan og refsigleðin er gegnumgangandi stef í þáttunum og áhorfendur heima í stofu fengu að heyra lýsingarnar ómengaðar. Líkt og Björn Blöndal sýslumaður sagði þegar Agnes og Friðrik voru höggvin: „Það má enginn undan líta.“ Baldur segir:

„Sennilega hafa Íslendingar skammast sín fyrir þetta seinna meir og ekki viljað hampa þessari

sögu. Rétt eins og nú á dögum þegar fréttir eru fluttar af ömurlegum aðstæðum erlendis verkafólks sem farið er með eins og þræla. Þegar sagt er frá þessu í sjónvarpinu þá rífa allir sig ofan í kok af hneykslun. En við höfum vitað af þessu í tíu ár, við töluðum hins vegar ekki um þetta.“

Var vistarbandið okkar þrælahald á árum áður?

„Nei, það má ekki svartmála þetta. Vistarbandið var ekki aðeins kvöð fyrir vinnuhjún heldur skuldbatt það einnig húsbændurna og þeir tók á sig mikla ábyrgð. Þetta var fyrst og fremst leið til að koma í veg fyrir að hér myndast þéttbýli og borgir. Þessi skelfilega ákvörðun sem leiddi það af sér að Ísland stóð höllum fæti miðað við Evrópu. Hér þróaðist til dæmis ekki handverk og vermmen urðu að fara heim í heiðardalinn eftir hverja vertíð. Á 18. öld var svo komið, að verkunnáttan var frumstæð og sjálfsbjargargeta þjóðarinnar hverfandi. Mannfjöldinn rokkaði ekki nema frá þrjátíu upp í fimmtíu þúsund.“

Í kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar var Dönnum kennt um flestar hörmungar Íslands á fyrri öldum. Enn í dag eru margir sem halda því fram að Danir hafi arðrænt þjóðina og allir þekkja söguna um maðkaða mjölið.

„Við vorum alltaf að jagast út í Dani og kenna Dönnum um allan fjandann. Danir gerðu Íslendingum aldrei nema gott eitt. Það sem skorti hérna var verkunnáttan. Verkkunnáttan og tæknin voru lykillinn að allri velmegun.“

Ofbeldishátíðir á þingum

Í þáttunum er fjallað um ofbeldi, bæði á þingum og einnig á heimilunum sjálfum. Fjölmörg dæmi af ofbeldi gagnvart vinnuhjúum eru tíunduð, líkamlegu og kynferðislegu.

Ríkti hér ofbeldismenning?

„Já, gríðarleg,“ segir Baldur með þunga og nefnir að refsigleði Íslendinga hafi gengið fram af Dönnum. „Við höfðum þessa vitneskju um uppruna okkar, að við værum komin af vígamönnum, ofbeldismönnum. Það var enginn maður á Íslandi svo aumur að hann ætti ekki forföður sem hafði drepð menn. Þeim mun fleiri sem hann hafði drepð, því meiri sómi þótti að. Þetta endurspeglast í refsigleðinni, til dæmis á þingum þegar verið var að drekkja kvenfólki og hálshöggva karlmenn, hýða fólk til óbóta, pynta og berja. Á þingum, þegar ráðamenn komu

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía

„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“

Andri Rúnar Bjarnason
Knattspyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaólíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil



Fékk skítkast Sumir tóku þáttunum sem árás á bændur samtímans.

„Danir gerðu Íslendingum aldrei nema gott eitt

saman, voru alltaf refsingar sem mætti líta á sem nokkurs konar ofbeldishátíðir.“

Brauð og leikar, eins og í hringleikahúsum Rómaveldis?

„Það mætti segja það, já. Það hefur verið glórulaust andrúmsloft þarna. Fólk sett í gapastokka við minnsta tilefni og dæmt til húðláts. Upp til hópa voru þetta smælingjar að reyna að ná sér í matarbita, rétt áður en þeir dræpust úr hungri. Þessi skefjalausa grimmd var sérkenni á landinu á þessum tíma.“

Inni á heimilunum endurspegladist ofbeldismenningin í húsgaganum svokallaða, gegn vinnuhjúum og börnum. Baldur gerir hins vegar ekki lítið úr þeirri staðreynd að þessir hópar hafi einnig sætt hörku og ofbeldi í öðrum löndum.

Sennilega eru erfiðustu hlutar þáttanna frásagnir af förukunum. Margar þeirra höfðu komið ungar sem vinnukonur á bæi, verið nauðgað af húsbóndanum og hraktar á brott þegar þær báru barn hans undir belt. Gengu þær, illa klæddar og betlandi, milli bæja með króga sinn og urðu margar þeirra úti í vondum veðrum.

Hollt að reidast

„Ég held að mun fleiri séu mótækilegir fyrir þessari sögu í dag en þegar þættirnir voru sýndir,“ segir Baldur. Eins og margir muna vöktu þættirnir sterk viðbrögð. Sumir lýstu hrifningu sinni en aðrir urðu fokvondir og kröfðust þess að Ríkissjónvarpið stöðvaði sýningarnar.

„Það þjónar engum tilgangi að setja saman efni sem ekki kemur við nokkurn mann. Ég segi sem betur fer urðu margir reidir, alveg hoppandi vondir. Reidin er hluti af eðlilegu sorgarferli. Þegar sú glansmynd sem fólk hefur búið sér til um fortíðina er brotin, þá bregðast menn reidir við.“

Baldur setur þetta í samhengi við nútímann, tíma samfélagsmiðla og hneykslunar.

„Þjóðin fær reglulega reidikast. Það er engin þjóð í heiminum sem tekur eins mikil reidiköst og eins oft og Íslendingar, kannski átta til tíu virkilega góð á ári. Til dæmis Klaustursmálið og mál Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þetta er kannski einhver leið þjóðar-

innar til að hreinsa úr sér skítinn og ég held að þetta sé að mörgu leyti hollt. Ég tók því ekki illa þegar skömmunum rigndi yfir mig á sínum tíma og hef ekki erft það við nokkurn mann.“

Áberandi var hversu mikill munur var á viðbrögðum borgarbúa og landsbyggðarfólks. Innfæddir Reykvíkingar tóku þeim mun betur en til dæmis Páll Pétursson, þingmaður Framsóknarflokksins, sem skrifaði harðorðan pistil.

Tóku sumir þáttunum sem árás á bændur samtímans?

„Já. Það þótti mér merkilegt og hafði ekki séð það fyrir. Meiningin var alls ekki að ráðast á bændur samtímans.“

Baldur segir hamaganginn jafnframt hafa sýnt að sagan skiptir fólk máli.

„Rétt eins og þín eigin fortíð skiptir þig máli. Saga forfeðranna er líka þín saga og hún snertir hjartað.“

Kraftur einfaldleikans

Hvernig tók fræðasamfélagið þáttunum?

„Ég tók eftir því að það var svolítill pirringur á meðal sagnfræðinga. Þeim fannst eins og það væri verið að stela frá sér, að þetta væri svið sem þeir ættu að sitja einir að. Það var að minnsta kosti mín tilfinning.“

Í þáttunum eru notuð sterk orð, til dæmis orðið nauðgun, sem fólk var ekki vant að heyra í sjónvarpinu heima hjá sér árið 1993. Þetta hispursleysi var væntanlega viðhaft meðvitað?

„Já. Ég starfaði um tíma hjá DV, undir Jónasi Kristjánssyni. Ég gerði mér því algerlega grein fyrir því hvað hispursleysið býr yfir miklum krafti, sem tepruskapurinn gerir ekki. Þegar þú setur mál þitt fram með tepruskap ertu að veikja málstaðinn. Einfaldleikinn og hispursleysið býr yfir krafti og fólk skilur það.“

Söguáhugi Baldurs hefur ekki dvínað eftir að hann settist í helgan stein. Milli þess sem hann spilar golf og teflir skákir á netinu, les hann sögubækur. Nú síðast góðar bækur Þórunnar Jörлу Valdímarsdóttur um Skúla fógeta og Snorra á Húsafelli og telur þær góðan efni við í sjónvarpsþætti. ■



Tekid upp úr kössunum DV 14. maí 1985.

Jólaakaka Kjarvals

Jóhannes S. Kjarval, einn merkasti listmálari Íslandssögunnar, lést árið 1972. Skömmu fyrir andlátinu pakkaði hann stórum hluta eigna sinna niður í kassa og ánafnaði Reykjavíkurborg. Kassarnir voru 153 talsins og voru lengi geymdir í kjallara Korpúlfsstaða. Vorið 1985 voru þeir opnaðir og innvolsið rannsakað af listfræðingum. Tilefnið var mikil sýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum haustið eftir.

„Ástæðan fyrir því að kassarnir hafa ekki verið opnaðir fyrr en nú er sú að við höfum hreinlega ekki vitað hvar og hvernig við ættum að koma þessu fyrir,“ sagði Ólafur Jónsson, listfræðingur á Kjarvalsstöðum. Áttu hlutirnir að verða

notaðir til að gefa fólki innsýn í lífshlaup meistarans á aldarafmælinu.

Upp úr kössunum komu ýmsar skissur og uppdrættir, sem voru grunnurinn að sumum af málverkum Kjarvals. Sumt rissað á sígarettupakkningar eða servíettur og annað frá barnæsku. Einnig fundust litaspjöld, málningartúpur og penslar. Eitt hvað fannst af beinum, bæði leggir og kjammar sem og steinar, skeljar, ígulker og margt fleira úr náttúrunni. Einnig lampar, skór, hattar, tóbaksklútar, skeifur, styttnar, öskjur, bækur og sjúkrakassi svo eitthvað sé tiltekið.

Kjarval var þekktur fyrir að fleygja ekki nokkrum hlut. En vitað var að þegar hann var að

pakka ofan í kassana á níraðisaldri þurfti að henda einhverju af mat og fatnaði. Sumt sem var í kössunum hafði verið óhreyft í áratugi. Eitthvað af mat slapp í gegn, til að mynda jólaakaka, sem var orðin nánast steinrunnin, og saltfiskur.

Í kössunum fannst til að mynda töluvert af miðum af ýmsum toga. Bíómiðum, rútu- miðum, þvottahúskvittunum og reikningum. Inni á milli fannst tjaldbúðamiði frá Alþingishátíðinni árið 1930. Einnig ógrynni af sendibréfum. Voru þetta einstakar heimildir um daglegt líf hans. ■



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysruvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

ROBERT JOHNSON VAR SENNILEGA MYRTUR AF AFBRÝÐISÖMUM EIGINMANNI

■ Seldi djöflinum sál sína fyrir gítarhæfileika ■ Uppgötvaðist áratugum eftir dauðann

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Tónlistarunnendur þekkja vel bölvunina við 27 ára aldurinn. Jimi Hendrix, Janis Joplin, Brian Jones, Jim Morrison, Kurt Cobain og nú síðast Amy Winehouse. Öll dóu þau 27 ára gömul eftir að hafa skotist upp á stjörnuhimininn og lifað hátt en illa. Í þessum fræga klúbbi gleymist oft sá sem var sennilega hæfileikaríkastur af þeim öllum, sem var Robert Johnson. Johnson dó árið 1938 og er sennilega það ungstirni sem setti hvað mest mark á sína tegund tónlistar, blúsinn.

Seldi sál sína djöflinum

Robert Johnson var fæddur árið 1911 í bænum Hazlehurst. Það er lítið og fátækt krummaskuð í vesturhluta Mississippi, þar sem blökkumenn eru í miklum meirihluta. Johnson var hins vegar af nokkuð vel efnuðum landeigendum kominn. Það var illa séð af hvítum íbúum bæjarins að svartir gætu efnast og því var fjölskyldan hrakinn úr bænum.

Um tíma bjó Johnson í borginni Memphis en flutti síðan aftur til Mississippi. Hann var óvanalega vel læs og skrifandi miðað við önnur svört börn í dreifbýlinu og fékk snemma áhuga á tónlist. Hann spilaði á munnhörpu og gítar og þótti hafa einstaka hæfileika. Almennt er þó lítið vitað um æsku og unglingsár Johnson.

Hann giftist ungur sextán ára stúlku, Virginíu Travis, en strangtrúaðir foreldrar hennar voru ekki hrifnir af ráðahagnum. Johnson var þá farinn að spila tónlist, en



Robert Johnson Goðsagnakenndur blúsari sem dó aðeins 27 ára.

ekki til heiðurs drottinn. Þvert á móti trúðu þau því að hann hefði selt sál sína djöflinum. Skömmu síðar lést Virginia af barnsförum og fjölskylda hennar sagði að það hefði verið refsing frá guði sjálfum.

Hæfileikaríkur kvennaflagari

Á þrítugsaldri var Johnson farinn að ferðast um Suðurríkin og spila blús. Í dag er tónlistin kölluð órafmagnaður blús eða Delta-blús, eftir svæðinu í Mississippi þar sem stefnan varð til. Sá kvittur um að Johnson hefði samið við myrkráhöfðingjann sjálfan til að öðlast hæfileikana varð sífellt háværari. Johnson var einnig mikill kvennaflagari. Hann var ungur, hæfileikaríkur, myndarlegur, kurteis, heillandi og hættulegur.

Hann ferðaðist einnig lengra, um öll Bandaríkin og alla leið

O Brother, Where Art Thou?
Persóna Chris Thomas King var að hluta til byggð á Robert Johnson.



norður til Kanada. Stundum notaði hann ekki eigið nafn á ferðalögum sínum. Hann drakk mikið og komst stundum í vandræði vegna kvennafars. Johnson var hins vegar engin stórstjarna og oft þurfti hann að spila vinsæl lög eftir aðra á götuhornum fyrir smápening.

Of flókin lög fyrir fjöldamarkað

Þegar Johnson var 25 ára gamall, árið 1936, fór hann í hljóðver í fyrsta skipti. Plöturnar voru teknar upp í borginni San Antonio í Texas en slógu ekki í gegn. Sú vinsælasta, Terraplane Blues, seldist aðeins í 5.000 eintökum. Tónlist hans var metnaðarfull en sennilega of flókin og óaðgengileg fyrir fjöldamarkað á þeim tíma.

„Að lokum gaf Johnson upp andann, með miklum sársaukaveinum samkvæmt sjónarvottum.“

Hann var þó ekki af baki dottinn og ári síðar ferðaðist hann til Dallas til að taka aftur upp tónlist. Ellefu plötur í það heila sem gefnar voru út árið 1938 með jöfnu millibili. En Johnson sjálfur átti ekki eftir að lifa það að sjá þær allar koma út.

Sennilega myrtur af afbrýðisömum eiginmanni

Margt er á huldu varðandi dauða Robert Johnson, þann 16. ágúst árið 1938. Johnson hafði verið að spila vikum saman á litlum skemmtistað nálægt borginni Greenwood í norðvesturhluta Mississippi.

Samferðamaður hans, blúsarinn Sonny Boy Williamson, sagði að Johnson hefði daðrað við gifta konu þar á dansleik. Hún hafi rétt Johnson viskíflösku en Williamson slegið hana úr höndum hans. Hann ætti aldrei að drekka úr flösku sem hann hefði ekki séð opnaða. Seinna hafi Johnson drukkið úr annarri viskíflösku sem honum var rétt.

Þetta sama kvöld veiktist Johnson og það varð að hjálpa honum inn í herbergi hans seint um nóttina. Næstu þrjú daga versnaði ástand hans en enginn læknir var kvaddur á staðinn. Hvíti landeigandinn sem Johnson fékk leigt herbergi hjá taldi sig ekki skuldbundinn til að kalla á lækni þar sem Johnson var ekki starfsmaður hans.

Að lokum gaf Johnson upp andann, með miklum sársaukaveinum að sögn sjónarvotta. Talið var að striknín hefði verið sett í flöskuna en eiturefnafræðingar hafa slegið þá kenningu út af borðinu. Striknín sé of lyktarmikið

til að fela í áfengi og Johnson hefði ekki getað lifað svona lengi.

Dauði Johnson var ekki vel rannsakaður en landeigandinn sagði að hann hefði sennilega dáðið úr sárásótt. Blúsáhugamaðurinn Robert McCormick sagðist hafa fundið manninn sem eitraði innihald flöskunnar og fengið játninguna frá honum. McCormick vildi hins vegar ekki gefa upp hver sá maður var en flestir telja að það hafi verið eiginmaður konunnar sem Johnson gaf sig á tal við.

Uppgötvaðist á sjöunda áratugnum

Áratugir liðu þar til almenningur átti sig á sníld Roberts Johnson. Fyrst um sinn var hann næstum gleymdur og tónlist hans hafði lítil áhrif á aðra blúsara. En í kringum 1960 varð mikil vaxning í bæði þjóðlagatónlist og blús. Áhugamenn þræddu smábæi í Suðurríkjunum og Appalachia-fjöllum til að finna upptökur af týndum snillingum og ræða við eldra fólk sem hafði þekkt þá.

Það var á þessum tíma sem fólk fór að veita Johnson eftirtækt og árið 1961 gaf útgáfufyrirtækið Columbia út helstu verk hans á plötunni King of the Delta Blues Singers. Skyndilega varð hann frægur og sagan um að hann hefði selt sálu sína djöflinum var rifjuð upp.

Fjöldi frægra tónlistarmanna, bæði í blús og rokki, varð fyrir áhrifum frá Johnson. Þar á meðal Bob Dylan, The Rolling Stones, Led Zeppelin, Eric Clapton og Fleetwood Mac. Margir fluttu sínar eigin útgáfur af verkum hans. ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM

Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Allir posar frá Verifone taka við snertilausum greiðslum með farsímum



Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

SAKAMÁL



23. apríl, 1997, var Bandaríkjamadurinn Andrew Urdiales handtekinn. Andrew var nokkuð afkastamikill raðmordingi á árunum 1986 til 1996. veiðilendur hans voru í Illinois, Indiana og Kaliforníu og fórnarlömb hans voru einkum vændiskonur. Alla jafna hafði Andrew kynmök við vændiskonurnar áður en hann annaðhvort skaut þær eða stakk til bana. Sem fyrr segir var hann handsamaður árið 1996 og árið 2002 var hann dæmdur til dauða fyrir tvö morð. Dómurinn var síðar mildaður og hljóðaði upp á lífstíðarfangelsi. Árið 2004 var Andrew sakfelldur fyrir eitt morð til viðbótar. Síðar viðurkenndi hann að hafa myrt fimm konur að auki, í Kaliforníu, og að hafa nauðgað og rænt einni konu. Leiða má líkur að því að Andrew muni aldrei um frjálst höfuð strjúka á ný.

LYGIN VARDU DAUÐ

■ Fjöldi hermanna festist í vef Ashley ■ Þóttist vera sterkefnuð fegurðardís ■ C

Sími getur verið mikið þarfaþing, en öllu má ofgera og ekki ofsögum sagt að Ashley Elrod, frá Outer Banks í Virginíu-fylki í Bandaríkjunum, hafi farið helst til geyst í sinni símanotkun.

Ashley hringdi um 5.000 sinnum á mánuði og í flestum tilfellum til karlmannna sem töldu sig vera kærasta hennar. Reyndar notaði Ashley, sem var 22 ára þegar þessi frásögn hefst, einnig tölvuna ótæpilega til að blekkja karlmenn; telja þeim trú um að hún væri nett, aðlaðandi og vel efnuð ung kona. Ashley virtist einkum veik fyrir landgönguliðum og í ljósi þess að hún bjó skammt frá Norfolk hafði hún úr fjölda manna að velja. Í Norfolk er nefnilega stærsta herstöð sjóhers og landgönguher Bandaríkjanna.

Festist í lygavef

Í kringum áramótin 2005/2006 var undirforingi að nafni Cooper Jackson fastur í neti Ashley. Eitt sinn er hann svaraði í símann heyrði hann kynþokkafulla rödd konu sem sagðist heita Samantha.

Í kjölfarið upphófust samskipti þeirra á milli og í símtölum og tölvupósti, sannfærði „Samantha“ Cooper um að hún væri fögur, kynþokkafull og ljóshærð og vel stöndug í þokkabót. Cooper velktist ekki í vafa um að hann hefði fundið framtíðar eiginkonu sína.

Ashley sendi Cooper ljósmyndir sem staðfestu hve fögur hún var. Myndirnar voru að sjálfsögðu af annarri konu og var hún frekar fáklædd á sumum myndanna.

Ekki allt sem sýnist

Svo ástfanginn var Cooper, sem var 23 ára, að hann gekk svo langt að segja móður sinni að hann „hefði loksins kynnst stúlku sem styrkti á ný tiltrú hans á konum.“



Hvernig átti Cooper að vita að hinum megin á „línunni“ var enga Samönthu að finna heldur Ashley Elrod sem fékk „kikk“ út úr því að hringja í karlmenn og daðra við þá.

Hún átti ekkert sameiginlegt með þeirri blekkingu sem hún bar á borð fyrir fórnarlömb sín. Ashley hafði gefið menntaskólanám upp á bátinn. Hún var budduleg og lítt



áberandi og sá sér farborða með vinnu í gestamóttöku hótels í Outer Banks.

Justin Huff Lenti með banvænum afleiðingum í lygavef Ashley.



HÆGT AÐ NOTA ÚTI OG INNI



HREIDUR.IS

LEYFÐU HUGMYNDAFLUGINU AÐ RÁÐA



FESTIST Á FLÍRAR OG Í BADKÖR



VEGAKORT ÁN HINDRANA FYRIR

Ashley í öngstræti

Ungi undirforinginn var orðinn svo ástfanginn af Samönthu að hann þrýsti ítrekað á hana um að hittast. Ashley varð uppiskroppa með afsakanir. Hún var búin að nota veikindi alloft, einnig að hún þyrfti að skjótast úr bænum og þegar allt um þraut þá sagði hún að hún þyrfti að hugsa um auðugan föður sinn, sem lægi farsjúkur á spítala.

Hún vildi allt til þess vinna að hann kæmist ekki að sannleikanum og spenn því upp svæsna lygasögu um að hún væri gjörsamlega farin á taugum; henni hefði verið nauðgað af tveimur landgönguliðum. Þannig tókst henni að halda lífi í símtölum og Cooper fjarri á sama tíma.

Nauðgara leitað

Þannig var mál með vexti að Cooper var á námskeiði í Dam Neck-þjálfunarbúðunum í Virginíu á þessum tíma og sagði Ashley að umræddir landgönguliðar væru staðsettir þar.

Cooper varð reiður mjög og nefndi af handahófi nöfn nokkurra sem hann þekkti í búðunum. Einkær tilviljun réð því að nafn Justins Huff undirliðþjálfara bar á góma. Hann hafði farið tvisvar til

Írak og sloppið líkamlega heill frá því og eiginkona hans bar þeirra fyrsta barn undir belt.

Saklaust fórnarlamb

Cooper komst í samband við Justin 2. janúar, 2006 og sauð upp sögu um að hann starfaði innan glæparannsóknardeildar hersins. Sagði hann að Justin þyrfti að koma með honum til Norður-Karólínu og aðstoða við rannsókn í nauðgunarmáli.

Justin var ekki vanur að bera brigður á fyrirmæli yfirmanna og sagðist vera reiðubúinn til þess, en tók þó fram að hann kæmi af fjöllum hvað nauðgun áhrærði.

Um leið og þeir voru komnir út af herstöðinni í Dam Neck dró Cooper upp byssu og sagði Justin að hann væri handtekinn og yrði í jarnum þar til þeir kæmu í höfuðstöðvarnar.

Lykill og hnífur

Að sjálfsögðu voru höfuðstöðvarnar ekkert á dagskrá hjá Cooper heldur ók hann á afskekktan stað í skóglendi í Norður-Karólínu. Þar dró hann Justin út úr bílnum og hóf að yfirheyra hann.

Fljótlega runnu tvær grímur á Cooper og honum varð ljóst að Justin var blásaklaus. Hvað var



35 ára dóm fékk perúski morðinginn Pedro Pablo Nakada Ludena þann 14. júlí, árið 2010. Pedro fékk viðurnefnið „Postuli dauðans“ og sagðist hafa viljað hreinsa jörðina með því að útrýma fíkniefnaneytendum, vændiskonum, hommum og glæpamönnum. Hann fullyrkti að hann hefði fengið skipun frá Guðí um að gera það. Pedro var dæmdur fyrir 17 morð, en fullyrkti sjálfur að hann hefði 25 mannslíf á samviskunni. Pedro sætti að sögn ofbeldi af hálfu fjölskyldu hans frá unga aldri. Systur hans neyddu hann til að klæðast kvenmannsfötum og bræður hans nauðguðu honum því þeir héldu að hann hefði drepið hund. Hvað sem því líður þá skaut hann fórnarlömb sín til bana með 9 millimetra skammbyssu. Hann var handasamaður á vinnustað sínum árið 2002 eftir að hann varð uppiskroppa með skotfæri í bardaga við lögregluna.

DUÐANS ALVARA

Cooper Jackson varð yfir sig ástfanginn ■ Féll fyrir lygasögu um nauðgun



Frá jarðarför Justins Lifði af tvær ferðir til Írak.

til ráða? Þarna stóð hann í stolnum einkennisfatnaði rannsóknardeildar hersins, með lykil að handjárnunum í annarri hönd og hníf í hinni.

Málalyktir urðu þær að Justin, sem hafði lifað af tvær ferðir til Írak, var skorinn á háls af kollega sínum úti í hundsrossi í Norður-Karólínu.

Cooper handtekinn

Þetta sama kvöld var tilkynnt að Justin væri fjarverandi án leyfis og rannsóknarlögreglumenn hersins voru ekki lengi að tengja Cooper við málið. Hann hafði enda ekki farið leynt er hann spurðist fyrir um Cooper í Nam Deck-þjálfunar-búðunum.

Þann 12. janúar viðurkenndi Cooper allt saman og fór með rannsóknarlögreglumenn að þeim stað þar sem hann hafði grafið Justin.

Cooper var ákærður fyrir morð, mannrán, hindrun réttvísinnar og að hafa siglt undir fölsku flaggi. Í október, 2006, stóð hann frammi fyrir dauðadómi.

Fleiri sambönd

Ashley bar vitni og sagði sem var, að hún hefði sagt Cooper að henni hefði verið nauðgað af tveimur landgöngulíðum, sem hún vissi ekki hvað hétu.

Ashley brynnti músum þegar hún bar vitni og viðurkenndi að hafa hringt í karlmenn í hernum síðastliðin sex ár. „Ég hef lágt sjálfsmat og ég þarfnast einhvers til að tala við,“ sagði hún.

Fleiri hermenn báru vitni og sögðu frá sambandi sínu við konu. Á meðal þeirra var Michael Chunkie sem hafði fengið símhringingu frá Callie Adams. Með þeim þróaðist samband og „hún

var eiginlega kærasta mín á þeim tíma. En við hittumst aldrei,“ sagði Michael.

Lífstíðardómur og ráðgjöf

Með því að játa sekt slapp Cooper við dauðarefsingu. Ashley Elrod var ekki ákærð fyrir eitt eða neitt

í málinu. Sagan segir að hún hafi fengið ráðgjöf vegna eigin vandamála. Þannig fór það. ■

Hágæða blautfóður frá Þýskalandi


25%

afsláttur

Margar bragðtegundir
Hentar vel fyrir matvanda

gæludýr.is

www.gaeludyr.is



ERTU MEÐ VERKI Í BAKI, MJÖÐMUM, HNJÁM EÐA FÓTUM ?

Komdu í göngugreiningu!
Tímamantanir í síma 55 77 100
og á www.gongugreining.is



EINS OG FÆTUR TOGA

Bæjarlind 4, Kóp. & Orkuhúsinu Rvk.

Dótið í lífi okkar

■ Það kennir ýmissa grasa á Facebook-síðunni Hver hendir svona?

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Mörg okkar eiga fullt af dóti, alls konar dóti sem við erum búin að sanka að okkur, jafnvel á langri ævi. Dótið þarf ekkert endilega að vera uppstíllt í hillum eða geymt ofan í skúffum, hver á ekki fjöldann allan af kössum í geymslunni eða bílskúrnum fulla af dóti, sem má alls ekki henda, af því að dótið er tengt minningum og/eða það gæti einhver þurft að nota það seinna?

Í Facebook-hópnum Hver hendir svona má finna fjölda mynda og færslna um „gersemar“ sem eigandinn hefur ákveðið að láta frá sér, af ýmsum ástæðum. Gersemar sem hvíla nú í hillum nytjamaða höfuðborgarinnar og bíða eftir að nýr eigandi komi auga á þær og næli sér í fyrir nokkra hundradkalla.

Hér má sjá nokkrar myndir úr hópnum valdar af handahófi.



Hver hendir svona brúðhjónastyttuvínflöskublómaskrautsklerboxi? „Þau eru bæði svo sorgmædd, kannski veitir ekki af öllu þessu víni til þess að drekkja undirliggjandi ástarsorgum?“ skrifar ein í hópnum.



Hver hendir svona? Athygli er vakin á valkvæðu verði, tveir verðmiðar.



Þessi móðgaði kannski einhvern í Seðlabankanum? Hver hendir svona finum typpakalli?



Það er allt fullt af svínunum, í öllum stærðum og gerðum. Líka fyrir jólin. Hátiðlegt og fallegt jólasvín. Hver í ósköpunum hendir svona?



Hvort kom á undan, bókin eða nytjamaðaúrin?



„Þegar typpakökur bakast“ Hver hendir svona og meira að segja enn í umbúðunum?



Nýjasta nýtt úr svinapönnudeildinni. Og tvær, það dugur ekkert minna.



Vandaðar innréttingar

Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Við vitum ekki alveg hvað þetta er og viljum ekki vita það.



Bleikur handsaumaður kaktus í potti, kannski hefur eigandinn breytt um litapallettu á heimilinu?



Karlmansútgáfan af freetheniple? „Einhver hlýtur að sakna þessarar myndar af fjölskylduveggnum!“ skrifar einn í hópnum.

REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

ÆRIR ÚTSÖLUSTADIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Frægir og flúrið sem þá prýðir

Um fimmtungur Íslendinga er með húðflúr samkvæmt nýjum þjóðarpólisi Gallups, um 24% kvenna og 17% karla. Húðflúr er algengast hjá fólki á milli þrítugs og fertugs. Að meðaltali er fólk með um þrjú húðflúr. Þá geta um 87% þeirra vel hugsað sér að fá sér fleiri. Flúrið eru jafn fjölbreytt og einstaklingarnir sem það prýðir; persónulegt, fyndið, fáránlegt, fengið í gríni og allt þar á milli. Fræga fólkið er með húðflúr, eins og við hin, og margir þeirra með mörg.



Rapparin Emmsjé Gauti er þakinn húðflúri og hann lét eldri dóttur sína ráða nýjasta flúrinu sem er bleikur og fjólblár einhyrningur. „Elska þessa liti,“ segir Emmsjé Gauti hæstánægður með flúrið.



Söngkonan Svala Björgvins er með mörg húðflúr, bæði á handleggjum og bringunni. Falleg og listræn flúr eins og söngkonan sjálf.




Bubbi Morthens tónlistarmaður er í sama gír, en hann er annálaður veiðihugamaður og hefur meðal annars gefið út bækurnar Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð, Djúpríkið og Áin. Því er vel við hæfi að flúra sportið á sig. Það eru þó fleiri flúr sem Bubbi skartar, eins og sönnum rokkkonungi sæmir.



Aðrir slá flúrinu upp í grín og setja á sig skemmtilegt flúr sem oft er bara valið spontant. Sverrir Þór Sverrisson gamanleikari, sem er best þekktur sem Sveppi, skartar slíku flúri, teikningu Hugleiks Dagssonar.

Húðflúrmeistarinn Fjölur Geir Bragason hefur flúrað fjölmarga Íslendinga, en hann á að baki áratugi í bransanum. Sjálfur er hann vel skreyttur flúri, ímynd karl- og flúrmennskunnar.



Rapparin Herra Hnetusmjör er þakinn flúri í bak og fyrir, þar á meðal er Kóp Boi, óður til mómmu, peningabúnt og spil. Á bakinu er hann prýddur Æðruleysisbæninni.

KARTÖFLUR
ÚR ÍSLENZKRI MÓÐURMOLD



Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](#)

Opíð alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað



Ísland ofarlega hjá veðbönkum

Ísland er nú talið meðal tíu líklegustu þjóðanna til að sigra í Eurovision samkvæmt erlendum veðbönkum. Stærstu veðbankarnir, Bet 365 og Skybet, meta líkur Íslands tuttugu á móti einum. Ef það gengur eftir myndi Ísland fljúga upp úr undanriðlinum og hafna í áttunda sæti.

Hvað varðar Söngvakeppni Sjónvarpsins er hljómsveitin Hatari talin líklegust til þess að fara áfram. Er stuðullinn á það hjá Eurovisionworld.com 1,95 á móti einum.

Til að setja þetta í samhengi þá var íslenska framlagið í fyrra, Our Choice í flutningi Ara Ólafssonar, neðst hjá erlendum veðbönkum fyrir keppnina. Reyndust þeir sannspár því að lagið fékk fæst stig allra í keppninni.



Lítt þekkt ættartengsl

Trumbuslagarinn og ráðuneytisstjórinn

Hljómsveitin Hatari hefur slegið í gegn í Söngvakeppni sjónvarpsins. Þar fara fremstir söngvararnir Klemens Hannigan og Matthías Tryggvi Haraldsson. Margir hafa velt fyrir sér hver hinn dularfulli ásláttarleikari með gaddagrímuna sé. Hann er Einar Hrafn Stefánsson, sem einnig ber húðir í hljómsveitinni Vök.

Faðir hans, Stefán Haukur Jóhannesson, hefur gert það gott á öðrum vettvangi. Stefán er ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og hefur starfað fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi lengi. Meðal annars var hann sendiherra í Brussel árin 2005 til 2010 og var aðalsamningamaður Íslands vegna viðræðna um aðild að Evrópusambandinu.



Lok, lok og læs og allt í stáli!

Loki

Gangster sem lendir í fangelsi

Það kæmi Gústaf Níelssyni ekki á óvart ef Dagur borgarstjóri yrði fyrsti íslenski stjórnmalamaðurinn sem lenti í fangelsi fyrir spillingu. Gústaf hefur lengi verið viðloðandi stjórnmal, meðal annars fyrir Þjóðfylkinguna og Framsókn, en langþekktastur er hann fyrir að vera bróðir Brynjars Níelssonar sem hefur náð talsvert meiri frama á hinu pólitíska sviði, og hefur skuggi Brynjars aðeins stækkað með árunum.

Gústaf lætur ýmislegt flakka á samfélagsmiðlum. Hann deilir frétt Viljans en í henni segir að á sama tíma og vantí um átta þúsund íbúðir í Reykjavík til að mæta


eftirspurn á markaðnum sé Reykjavík full af tómunum lúxusíbúðum. Gústaf varpar þeirri spurningu fram hvort mögulegt sé að bankarnir muni á endanum sitja uppi með glæsiíbúðirnar. Þá segir hann Dag bera höfuðábyrgð á þróun íbúðabyggingar í Reykjavík og borgarstjórinn sé „pólitískur dauðans matur sem enginn mun hafa lyst á innan skamms.“

Gústaf bætir svo í: „Hann er gangster og það kæmi mér ekki á óvart þótt drengurinn sá yrði fyrsti stjórnmalamaðurinn til þess að lenda í fangelsi fyrir spillingu, eða á ég að segja gjörspillingu?“ ■



FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallett og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.



DUXIANA
Ármúla 10
☎ 568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður